Heit og ljúffeng
HAMRABORG
PIZZA
Hafnarstræti 7 - 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa
Greiðslumat á netinu
Lánsumsókn á netinu
Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

Símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk
Fimmtudagur 22. febrúar 2007 · 8. tbl. · 24. árg.

Sportbáta-sjómaðurinn sem sá eyjuna rugga

– sjá viðtal í miðopnu við Örn Torfason, sjóntækjafræðing á Ísafirði

483 fluttust til Vestfjarða á síðasta ári

Alls fluttust 483 manns til Vestfjarða á nýliðnu ári. Flestir sem fluttust til Vestfjarða komu frá höfuðborgarsvæðinu, eða 195, en næst flestir komu frá útlöndum, eða 176. 43 komu frá Vesturlandi, 23 frá Norðurlandi eystra, 18 komu frá Suðurnesjum, 16 frá Suðurlandi, 11 frá Norðurlandi vestra og 1 frá Austurlandi. Alls fluttu til Vestfjarða 264 karlar og 219 konur.

Fleiri karlar en konur komu frá höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi og útlöndum. Fleiri konur en karlar fluttust frá Suðurnesjum.

– eirikur@bb.is

Bæjarstjórnir fagna samgönguáætlun

Bæjarstjórnir Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstaðar hafa sent frá sér sameiginlega ályktun þar sem þær fagna þeirri ákvörðun samgönguráðherra að ráðast í gerð jarðganga milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar um svonefnda Skarfaskersleið, frá Ósi við Bolungarvík að Skarfaskeri í Hnífsdal.

Í ályktuninni segir m.a.: „Óshlíðargöng munu leysa af hólmi veg um Óshlíð, þar sem vegfarendum hefur ætíð staðið ógn af snjóflóðum, aurskriðum og grjóthruni. Ásamt því að auka til muna umferðaröryggi milli tveggja stærstu þéttbýliskjarna á Vestfjörðum munu göngin leggja grunn að öflugra samstarfi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana á norðanverðum Vestfjörðum og gera þannig sveitarfélögin tvö að einu atvinnu- og þjónustusvæði.“

Halldór Halldórsson, Grímur Atlason, Birna Lárusdóttir og Soffía Vagnsdóttir fögnuðu tímamótunum.

Þá lýstu lýsa bæjarstjórnirnar einnig yfir ánægju með að framkvæmdir skuli hafnar við þverun Mjóafjarðar og Reykjarfjarðar við Ísafjarðardjúp. „Á næstu dögum verður vegagerð um Arnkötludal boðin út og sjá þá íbúar á norðanverðum Vestfjörðum loks fyrir endann á því að leiðin inn á hringveg eitt verði öll bundin slitlagi. Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun á Alþingi er einnig gert ráð fyrir að hafist verði handa við gerð jarðganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar í beinu framhaldi af Óshlíðargöngum. Það er fagnaðarefni og árétta bæjarstjórnirnar mikilvægi þess að tengja suður- og norðursvæði Vestfjarða með öruggum heilsársamgöngum.“ *– eirikur@bb.is*

Samkaup strax
OPIÐ:
virka daga
kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud.
kl. 12 - 21
Verið
velkomin!
Samkaup strax
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

„ÁHYGGJULAUS“
ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER
EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ
Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is
VIÐSKIPTA ÞJÓNUSTA EIMSKIPS
525 7800

Dagurinn í dag

22. febrúar 2007 – 53. dagur ársins

Þennan dag árið 1952 afhenti byggingarnefnd Þjóðminjasafns menntamálaráðherra hús safnsins við Suðurgötu. Sama dag var Matthías Þórðarson, fyrrverandi þjóðminjavörður útnefndur heiðursdoktor við Háskóla Íslands.

Skiptafundir þrotabús Ágústs og Flosa í apríl

Skiptafundur í þrotabúi byggingarfyrirtækisins Ágústs og Flosa verður haldinn 4. apríl nk., en birtingarfrestur til að framvísa kröfum í þrotabúið rennur út þann 17. mars. Skiptastjóri hafa borist nokkrar kröfur í búið og framundan er því að auglýsa fasteignir, vélar og tæki fyrirtækisins til sölu. Fyrirtækið var lýst gjaldþrota í byrjun árs og var það gert að beiðni Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Samkvæmt heimildum blaðsins mun gjaldþrotið nema um 100 milljónum króna. Stærsta verkefni fyrirtækisins við gjaldþrot var bygging húss við Hafnarstræti og tóku þeir sem hlut áttu í húsinu við byggingu þess. Hjá fyrirtækinu störfuðu 20 manns og var það í meirihlutaeigu Björgmunar Arnar Guðmundssonar.

Vill efla Ísafjarðarhöfn sem þjónustumiðstöð fyrir Austur Grænland

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að ýta sem fyrst úr vör starfi atvinnumálanefndar og hafnastjórnar um að vinna að tillögum um aukin umsvif og þjónustu Ísafjarðarhafna. Í-listinn lagði til að meðal annars verði skoðaðir möguleikar á að styrkja og efla Ísafjarðarhöfn sem þjónustumiðstöð fyrir Austur Grænland. Einnig að kannaðir verði möguleikar á að umskipunarhöfn fyrir siglingar í norðurhöfum verði staðsett á Vestfjörðum með vísan til tillögu í þingsályktunar, sem nú liggur fyrir Alþingi um þjónustu fyrir útgerð og siglingar í norðurhöfum.

Tillaga Í-listans var samþykkt samhljóða en í október lýstu bæjarfulltrúar flokksins yfir áhyggjum af erfiðri fjárhagsstöðu Ísafjarðarhafna. Í framhaldi beindu þeir því til bæjarstjórnar að hún samþykkti að setja á fót starfshóp sem vinni að tillögum um aukin umsvif og þjónustu Ísafjarðarhafna með það að markmiði að skapa ný tækifæri fyrir viðskipti og skipaumferð. Gísli Halldór Halldórsson, forseti bæjarstjórnar, kom með breytingartillögu við tillögu Í-listans þess efnis að í stað þess að stofnaður yrði starfshópur samþykkti bæjarstjórn að fela atvinnumálanefnd að vinna að málinu í samvinnu við hafnarstjórn. Atvinnumálanefnd bókaði meðal annars á dögunum að hún teldi mjög mikilvægt að Ísafjörður yrði á ný fullgild útskipunarhöfn og að strandsiglingar yrðu hafnar að nýju um landið.

„Höfnin hefur verið ein helsta lífæð Ísafjarðar og bæjarstjórn getur ekki horft aðgerðarlaus upp á það að hlutverk hennar sem útskipunar- og útflutningshafnar minnki meir en orðið er, að allur flutningur sé færður á veikburða þjóðvegi og fyrirtæki á Vestfjörðum fái ekki sömu þjónustu og fyrirtæki í öðrum landshlutum," segir í greinargerð sem lögð var fram fyrir bæjarstjórn í haust.

– *thelma@bb.is*



Ísafjarðarhöfn.

Öryggisúttekt á næturflugi á Þingeyrarflugvallar í samgönguáætlun

Gert er ráð fyrir að fram fari öryggisúttekt til athugunar á möguleikum fyrir næturflug til Þingeyrarflugvallar í samgönguáætlun sem liggur nú fyrir á Alþingi. Þessi athugun á að fara fram í ár og er það í samræmi við áætlun Flugmálastjórnar um endurbyggingu Þingeyrarflugvallar með það að markmiði að brautin geti að fullu þjónað sem varaflugbraut fyrir Ísafjarðarflugvöll og nothæf allan sólarhringinn.

Eftir endurbyggingu flugbrautarinnar er hún orðin 1.084 metrar að lengd og 30 metrar að breidd, en hún var áður 950 metra löng. Hliðaröryggissvæði ná 40 metra út frá miðju flugbrautar til hvorrar hliðar. Ljósabúnaður er á flugbrautinni; brautarljós, aðflugshallaljós og þröskuldsauðkennaljós, sem eru sterk blikkljós við lendingarþröskuld. Veðurathugunarkerfi er í tveim möstrum við hvorn brautarenda auk veðurathugunarstöðvar uppi á Sandafelli. Að auki eru brautarhitamælar sem mæla hita í yfirborði flugbrautarinnar.

Gert er ráð fyrir byggingu tækjageymslu á næsta ári undir slökkvibifreið og snjóruðningstæki Þingeyrarflugvallar sem eru nú geymd í leiguhúsnæði á Þingeyri. Leiguhúsnæðið er alllangt frá flugvellinum og skapast af því mikið óhagræði.

Frá þessu var greint á thingeyri.is.

– *annska@bb.is*

Þingeyrarflugvöllur.

SFÍ dregur sig út úr viðræðum um sameiningu stóru íþróttafélaganna

Skíðafélag Ísfirðinga hefur ákveðið að draga sig út úr viðræðum um sameiningu stóru íþróttafélaganna í Ísafjarðarbæ. Málið var tekið fyrir á almennum félagsfundi nú í vikunni og féllu atkvæði á þá leið að átta voru á móti sameiningu, sjö með og einn seðill var auður. Sjá má að lítið ber í milli innan þeirra vébanda hvað þetta mál varðar.



SFÍ felldi á dögunum tillögu þess efnis að ganga í nýtt sameinað íþróttafélag.

Sameining stærstu félaganna innan HSV hefur staðið til í töluverðan tíma og var von manna þar á bæ að sameiningin hefði náð í gegn á síðasta ári. Nú er hinsvegar stefnt að stofnfundi í mars og sameiningu þriggja stærstu félaganna sem eftir standa í kjölfarið, en það eru BÍ, KFÍ og Vestri. Aðspurður um hvers vegna ekki varð af sameiningu fyrr segir Torfi Jóhannsson framkvæmdastjóri HSV að fyrst hafi þurft að ganga frá ýmsum lausum endum sem nú hafi verið gert og því ekkert sem ætti að standa í veg fyrir fyrirhugaðri sameiningu.

Torfi segir það ekki vonbrigði að SFÍ verði ekki með í hinu nýja félagi. „Þetta er bara ákvörðun sem félagið tekur. Þetta á ekkert að stoppa framgang mála hjá sameinuðu félagi. Það hefði að sjálfsögðu verið styrkur að hafa skíðafélagið með sem er stærst íþróttafélaganna á svæðinu, en svona er bara lýðræðið."

– *annska@bb.is*

Samfylkingin

Málum bæinn rauðan!

Komið og kíkið á opnun kosningaskrifstofu Samfylkingarinnar, föstudaginn 23. febrúar nk. kl. 20:30 að Aðalstræti 27 á Ísafirði. Heiðursgestur opnunarinnar, Guðmundur Steingrímsson, vígir skútuna. Hljómsveitin Grjóthrun treður upp.

Góðar veigar fyrir góða gesti!

Samfylkingin.

Stúdíó Dan fagnar 20 ára afmæli

Líkamsræktarstöðin Stúdíó Dan á Ísafirði fagnar 20 ára afmæli í ár og það sem af er ári hefur aðsóknin aldrei verið jafn mikil. Stúdíó Dan hefur tekið miklum breytingum í gegnum árin en stuttu eftir áramót var hluta af líkamsræktarstöðinni lokað en þess í stað var byggður annar salur. „Með fjölguninni eftir áramót má segja að við höfum sprengt húsið af okkur og hefur það nokkrum sinnum gerst að fullt hefur verið í upphitunar- og þrektækin. Því eigum við von á 11 nýjum þrektækjum þar á meðal hlaupabrautir, fjölþjálfar og þrekhjól til að mæta aukinni eftirspurn“, segir á vef líkamsræktarstöðvarinnar.

Forgangsmál að endurnýja blindaðflugskerfið á Ísafjarðarflugvelli

Ísafjarðarflugvelli eru gerð skil í samgönguáætlun sem nú liggur fyrir á Alþingi. Fyrstu framkvæmdir sem skal ráðist í eru kaup á nýjum blindflugsbúnaði en þau tæki sem nú er verið að nota eru yfir 20 ára gömul. Erfitt er að fá varahluti í gömlu tækin og byggjast þau á svonefndri „back course“-tækni sem ekki er lengur leyfð samkvæmt alþjóðastöðlum. Af þessum ástæðum er forgangsmál að endurnýja blindaðflugskerfið.

Stendur til samkvæmt áætluninni að búnaðurinn verði keyptur í ár og settur upp á því næsta. Næstu skref þar á eftir verður vinna við ný bílastæði sem á einnig að eiga sér stað árið 2008. Núverandi bílastæði á Ísafjarðarflugvelli er með malaryfirborði að mestum hluta og þegar flugvélar snúa á flughlaði kemur stundum fyrir að möl á bílastæði fýkur upp og lendir á bílum. Því er nauðsynlegt að binda yfirborð bílastæða, auk þess sem það þykir lágmarkskrafa til bílastæða við flugstöðvar í dag.

Kant- og þröskuldsljós á flugbraut Ísafjarðarflugvallar eru 45 W og komin til ára sinna. Engin aðflugshallaljós eru til staðar. Vegna hindrana í umhverfinu eru lendingar aðeins leyfðar við sjónflugsskilyrði og því hefur ekki verið talin ástæða til uppsetningar á aðflugshallaljósum. Flugtak af flugbraut 09 er leyft í myrkri. Vegna þessa eru hindranaljós

Ljósa- og blindflugsbúnaður fyrir Ísafjarðarflugvöll og vinna við bílastæði er að finna í samgönguáætlun sem nú liggur fyrir á Alþingi.

í Kirkjubólshlíð og leifturljós á Arnarnesi og í Hnífsdal. Gert er ráð fyrir að flugbrautarljósin verði endurnýjuð árið 2010 samkvæmt samgönguáætluninni.

– annska@bb.is

Beituverksmiðjan Aðlöðun með ný járn í eldinum

„Það er af og frá að verksmiðjan sé farin á hausinn, þó róðurinn hafi verið erfiður“ segir Ómar Már Jónsson sveitarstjóri í Súðavík er hann var spurður út í þann orðróm að beituverksmiðjan Aðlöðun væri farin á hausinn. Ómar segir að framleiðslugeta verksmiðjunnar sé talsvert meiri en markaðurinn hér hafi verið að anna í óbreyttri mynd, svo þau hafi brugðið á það ráð að þróa nýjan útbúnað í samstarfi við Vísi í Grindavík.

Sá útbúnaður gerir það að verkum að hægt er að beita pokabeitunni beint af beitningarvélum sem margir línubátar séu með. Með þessum aðgerðum stækkar markhópurinn til muna. Byrjað var að prófa nýju vélina í síðustu viku og gerir Ómar ráð fyrir að hún verði tilbúin innan mánaðar og með henni sé von á fleiri hluthöfum inn í Aðlöðun. Ómar segir verulega há flutningsgjöld frá Vestfjörðum á aðra landshluta gera það að verkum að Vestfirðir séu helsta markaðssvæði fyrirtækisins, hann segir það miður að fyrirtækið geti ekki tryggt viðskiptasambönd í öðrum landshlutum vegna þessa mikla kostnaðar.

Kristinn H. genginn til liðs við Frjálslynda flokkinn

Gengið var frá inngöngu Kristins H. Gunnarssonar í Frjálslynda flokkinn í dag. Á þessari stundu liggur þó ekki fyrir hvar Kristinn mun bjóða sig fram, en Frjálslyndir hafa ekki gengið frá framboðslistum sínum að fullu fyrir næstu kosningar. Kristinn segir þessi mál hafa verið rædd og tilkynnt verði um niðstöður á allra næstu dögum.

Eins og flestum er kunnugt var Kristinn í öðru sæti hjá Framsóknarflokknum í Norðvesturkjördæmi í síðustu kosningum. Hann sóttist svo eftir fyrsta sætinu fyrir komandi kosningar, en lenti í því þriðja. Hann ákvað að þiggja ekki það sæti, og sagði sig í kjölfarið úr flokknum. Í yfirlýsingu sem Kristinn sendi frá sér þegar við úrsögnina sagði hann aðgerðir flokksins á liðnu kjörtímabili hafa vikið verulega frá hefðbundinni stefnu flokksins, og því mætti helst lýsa þannig að manngildið hafi mátt þoka fyrir auðgildinu.

Strax eftir að Kristinn sagði sig úr flokknum var hann kenndur við Frjálslynda og eftir nokkra setu á rökstólum er hann nú genginn til liðs við flokkinn.

– annska@bb.is

Aðalfundur

Styrktarfélag fatlaðra Vestfjörðum verður með aðalfund miðvikudaginn 7. mars nk. kl. 16:30 á Hótel Ísafirði.

Gerður Árnadóttir, formaður Landssamtaka Þroskahjálpar flytur erindi.

Kaffi og meðlæti.

Stjórnin.

Kynningarfundur

Kynningarfundur um starfsemi Vaxtarsamnings Vestfjarða verður haldinn föstudaginn 23. febrúar kl. 12:00 á Hótel Ísafirði.

Ávarp Kristjáns G. Jóhannssonar, stjórnarformanns Vaxtarsamnings Vestfjarða.

Arna Lára Jónsdóttir kynnir starfsemi Vaxtarsamnings Vestfjarða á árinu 2006.

Kynning á verkefnum sjávarútvegsklasa.

Umræður.

Boðið verður upp á súpu og brauð.

Allir velkomnir!

Vaxtarsamningur Vestfjarða

Samfylkingin

Málefni eldri borgara í forgang

Opinn fundur um málefni eldri borgara verður haldinn laugardaginn 24. febrúar kl. 12:30 að Aðalstræti 27 á Ísafirði.

Ræðumenn verða Guðmundur Steingrímsson og Guðbjartur Hannesson, oddviti Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi.

Mætum og ræðum málin um þessi mikilvægu málefni.

Súpa verður í boði Samfylkingarinnar.

Ef óskað er eftir keyrslu til og frá fundarstað er viðkomandi vinsamlegast bent á að hafa samband við Sigurð Pétursson í síma 895 8270.

Samfylkingin Ísafirði.

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 22. feb. - 25. feb.

399 kr
Verð áður 668 kr
40% afsláttur
4 stk. 80 gr. Gourmet hamborgarar með brauði

1.285 kr/kg
Verð áður 1.835 kr/kg
30% afsláttur
Helgargrís með pestó á ítalska vísu

2.166 kr/kg
Verð áður 3.095 kr/kg
30% afsláttur
Nauta Prime úr kjötborði*



1.583 kr/kg
Verð áður 2.261 kr/kg
30% afsláttur
Skinnlausar kjúklinga-bringur

433 kr/kg
Verð áður 619 kr/kg
30% afsláttur
Goða svið verkuð

299 kr
Verð áður 399 kr
25% afsláttur
La Baguette frosin brauð

99 kr
Kókómjólk í flöskum

20% afsláttur
Nivea DNAge krem

89 kr/kg
Appelsínur

Samkaup úrval

Akureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Egilsstaðir • Hafnarfjörður • Húsavík • Ísafjörður • Neskaupsstaður • Njarðvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagaströnd

Verð birt með fyrirvara um prentvillur • Tilboðin gilda 22. feb. - 25. feb. • *Á eingöngu við þar sem fersk kjötborð eru á staðnum

Atvinnulífið á Vestfjörðum byggist á frumframleiðslugreinunum

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaþingmaður VG í Norðvesturkjördæmi, lagði á dögunum fyrirspurn fyrir iðnaðarráðherra, Jón Sigurðsson, um það hvort ríkisstjórnin hefði áform um að bregðast við þeim neikvæða hagvexti sem verið hefði á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og þá hvernig.

Í svari iðnaðarráðherra kom fram að mat Byggðastofnunar væri að rekja mætti ástæður þessa til þess að atvinnulífið væri byggt á frumframleiðslugreinum umfram það sem gerist á öðrum svæðum.

„Efling menntunar og atvinnuþróun með nýsköpun í starfandi fyrirtækjum og stofnun nýrra fyrirtækja á grunni þekkingar hefur því verið leiðarljós stjórnvalda. Lögð er áhersla á eflingu háskólanáms á Ísafirði í tengslum við uppbyggingu þekkingarsetursins. Enn fremur hafa opinberar stofnanir og störf á vegum opinberra stofnana verið flutt inn á svæðið á undanförnum árum“, sagði iðnaðarráðherra. Þá sagði hann að öllum væri kunnugt um að íbúar hér vestra teldu sanngjarnt og eðlilegt að á komandi misserum yrði sérstaklega hugað að vaxtar- og atvinnuþróunarverkefnum í landshlutanum. „Um aðgerðir stjórnvalda er fyrst og fremst að nefna framkvæmd Vaxtarsamnings Vestfjarða og þær viðræður sem staðið hafa að undanförnu um vaxtarsamning fyrir Norðurland vestra. Ég tek því undir orð háttvirtra þingmanna og íbúa um áhyggjur af þeirri þróun sem orðið hefur.“

– eirikur@bb.is

Fjármálaráðherra hefur lagt til að eignarhlutur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf. skuli lagður til Landsvirkjunar.

Landsvirkjun fari með eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða að tillögu fjármálaráðherra

Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum er varða stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Leggur ráðherra til að eignarhlutur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf. skuli lagður til Landsvirkjunar sem viðbótareigandaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun. Landsvirkjun fer eftir það með eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf. Tryggja skal að fullur rekstrarlegur og stjórnunarlegur aðskilnaður verði á milli sölufélagsins og Landsvirkjunar eða annarra félaga innan samstæðu Landsvirkjunar.

Í aðskilnaðinum er það fólgið að ekki skuli sömu aðilar sitja í stjórnum OV og Landsvirkjunar. Ákvæði samkeppnislaga, þar með talin bannákvæði samkeppnislaga og úrræði til eftirlits og íhlutunar, gilda um þessa starfsemi. Hvers konar samvinna eða samstilltar aðgerðir milli sölufélagsins og Landsvirkjunar eða annarra félaga innan samstæðu Landsvirkjunar eru óheimilar. Í sama frumvarpi lagði ráðherra til breytingar á lögum um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Miðað er við að flutningur á eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf. og Rafmagnsveitum ríkisins hf. skuli fara fram fyrir 1. júlí árið 2007.

Í desember 2006 samþykkti Alþingi breytingar á ýmsum lögum á orkusviði sem fólu í sér að fyrirsvar ríkisins varðandi eignarhluti í Hitaveitu Suðurnesja hf., Orkubúi Vestfjarða hf. og Rafmagnsveitu ríkisins hf. fluttust frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra. Jafnframt var þá lagt til að allur eignarhlutur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins yrði lagður til Landsvirkjunar sem viðbótareigandaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun.

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins hefur komið fram að með framangreindu fyrirkomulagi þurfi að huga að markaðsráðandi stöðu Landsvirkjunar á markaðnum fyrir smásölu raforku til stórnotenda og á markaðnum fyrir framleiðslu og heildsölu á raforku. Enn fremur kunni Landsvirkjun að komast í markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir smásölu raforku til almennra nota. Gæta verði að því að fyrirkomulagið á þessu sviði hindri ekki virka samkeppni á mörkuðum fyrir framleiðslu og smásölu raforku í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Með hliðsjón af þessu og samkeppnisaðstæðum að öðru leyti er því lagt til í frumvarpinu að sett verði skilyrði sem miða að því að tryggja aðskilnað í framleiðslu og sölu raforku.

– annska@bb.is

83% vestfirskra stúlkna innrita sig í síðasta bekk framhaldsskóla

Innritunarhlutfall 16 ára unglinga á Vestfjörðum í framhaldsskóla skólaárið 2005/2006 var 95%. Hæst var þetta hlutfall á Norðurlandi vestra eða 98%, en lægst var það á Suðurlandi og Suðurnesjum, 90%. 16 ára unglingar eru jafnan að hefja sitt framhaldsskólanám. Ef litið er til þeirra sem eru að hefja síðasta námsár sitt, 19 ára gamlir, þá eru Vestfirðir efstir á blaði með 74% innritunarhlutfall. Næsthæst er þetta hlutfall á höfuðborgarsvæðinu eða 72%.

Lægst er það á Suðurnesjum, eða 52%. Tölur þessar koma úr vefriti menntamálaráðuneytis og miðast þær við lögheimili nemanda, en ekki staðsetningu skólans þar sem þeir eru skráðir í nám.

Skýra má hátt innritunarhlutfall 19 ára unglinga með námsþreki vestfirskra stúlkna, að því er virðist, frekar en drengjanna, því þegar kynjahlutfallið er skoðað kemur í ljós að á meðan innritunarhlutfall stúlkna er langhæst á landinu, eða 83%, þá er innritunarhlutfall drengja næstlægst á landinu, eða 63%. Einungis Suðurnesjapiltar haldast verr í skóla, en þar er hlutfallið 49%. Lægst er innritunarhlutfall stúlkna sömuleiðis á Suðurnesjum, eða 55%. Næsthæst innritunarhlutfall stúlkna, á eftir Vestfjörðum, er á Norðurlandi eystra, 78%.

– eirikur@bb.is

Menntaskólinn á Ísafirði.

Fyrsta snjóbrettakeppni barna

Púkamót Glitnis, fyrir 12 ára og yngri, verður haldið á Ísafirði um næstu helgi. Auk hefðbundinnar keppni í alpagreinum og skíðagöngu verður keppt á snjóbrettum en þetta verður fyrsta slíka keppnin hérlendis svo vitað sé. Skíðabörn frá öðrum landshlutum hafa boðað komu sína. Skemmtun og gleði verða í fyrirrúmi á mótinu og má nefna að keppendum verður boðið á kvöldvöku og ball. Verðlaun verða veitt fyrir árangur en einnig fá allir þátttakendur einhvern glaðning.

Fjórði fjölsóttasti fréttavefur landsins

Metvika var í heimsóknum á bb.is í þarsíðustu viku. Alls sóttu 14.739 notendur vefinn sem kom honum upp í 18. sæti yfir fjölsóttustu vefi landsins. Aðeins þrír fréttamiðlar voru ofar á listanum þ.e. mbl.is, visir.is og ruv.is. Alls voru skráð 61.484 innlit á vefinn í vikunni með 188.985 flettingum. Heimsóknum á bb.is hefur farið ört fjölgandi undanfarin misseri og hefur meðaltals notendafjöldi verið yfir 10.000 á viku.

Ritstjórnargrein

Ekki allir á eitt sáttir

Það var ekki alls staðar flaggað í heila stöng fyrir samgönguáætluninni sem Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra kynnti nýverið á Ísafirði. Bolvíkingar eru að vonum ánægðir; aðrir minna. Það verður sennilega seint sem allir eru ánægðir með mannanna verk.

Öllum er ljóst að áætlun sem spannar tólf ár hlýtur að koma meira og minna til endurskoðunar á tímabilinu. Aðstæður breytast, önnur viðhorf verða uppi, að ógleymdum inngripum stjórnvalda vegna „aðstæðna í þjóðfélaginu“, sem Vestfirðingar hafa öðrum fremur orðið að gangast undir, þótt sjálfur orsakavaldurinn (þenslan) hafi sniðgengið þá með öllu. Ef til vill var það vegna þess hve oft Vestfirðingar hafa orðið að gjalda þessara margnýttu afsökunar um aðstæður í þjóðfélaginu, sem við kváðum ekki sterkara að orði í hamingjuóskum blaðsins til Bolvíkinga, að áratuga baráttu þeirra við að rjúfa einangrun byggðarlagsins með samgöngum á landi lyki með fullri vissu þegar göngin verða opnuð.

Eitt af því sem hvað mest hefur borið á í gagnrýni á samgönguáætlunina eru efasemdirnar um ávinninginn af jarðgöngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, sem ætlunin er að bora á árunum 2011 til 2014, meðan fátt eða ekkert er vitað um framhaldið, þ. e. með hvaða hætti eða hvenær ráðist verður á viðamesta og erfiðasta þröskuldinn á leiðinni milli fyrirhugaðs byggðakjarna á Vestfjörðum og suðursvæðisins, Dynjandisheiði. Rétt er að vekja athygli því viðhorfi að á meðan sambandsleysi í samgöngum milli suður- og norðurhluta Vestfjarða ríki stóran hluta ársins „sé borin von að Ísafjörður geti orðið byggðakjarni á Vestfjörðum.“ Menn spyrja hvort peningunum sem fara eiga í göngin undir Hrafnseyrarheiði væri ekki betur varið til annarra framkvæmda á Vestfjörðum á meðan heildardæmið um leiðina frá Ísafjarðarbæ til suðursvæðisins er ekki gert upp. Ef íbúum suðursvæðisins er ætlað að njóta byggðakjarnans við Djúp er útilokað að ætla sér áratugi til að leysa þann vanda sem samgöngur þar á milli í dag eru. Það efast enginn um ágæti jarðganga milli Dýrafjaðrar og Arnarfjarðar út af fyrir sig. En til að þau nýtist að fullu þarf meira að koma til.

Nauðsynlegt er að samgönguráðherra geri ljósa grein fyrir þeirri tillögu sinni um að ráðast í gerð jarðganga á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar meðan Dynjandisheiðin verður óráðin gáta um langa framtíð, þótt ekki væri nema til að lægja öldur efasemda um þau stórvirki sem ætlunin er að ráðast í.

Í lokin er rétt að árétta að jarðgöng til Bolungarvíkur eru fyrra skrefið í að gera byggðirnar þrjár við Djúp, Bolungarvík, Ísafjörð og Súðavík, að einum, öflugum byggðakjarna, samfelldu athafna- og þjónustusvæði. Seinna skrefið eru jarðgöng milli Ísafjarðar og Súðavíkur til að leysa af hólmi vegstæði um hættulegt snjóflóðasvæði. *s.h.*

Á þessum degi fyrir 32 árum

Sjómenn krefjast óbreytt steinbítsverðs

„Morgunblaðinu bárust í gær tvær fréttatilkynningar varðandi steinbítsveiðar og verð á steinbíti. Fyrst barst tilkynning frá sjómönnum á línubátum á Ísafirði og síðan frá Verðlagsráði sjávarútvegsins. Fréttatilkynning frá sjómönnum á Ísafirði, Bolungarvík, Suðureyri og Þingeyri: Vegna stórfelldrar lækkunar á steinbítsverði sem ákveðið var nýlega af Verðlagsráði sjávarútvegsins, úr kr. 16.85 í kr. 10.60 hvert kg, hafa flest allir ef ekki allir sjómenn á línubátum í framangreindum verstöðvum sagt upp skipsrúmi sínu með þeim fyrirvara sem samningar segja til um. Krafa sjómanna er sú að sama verð verði greitt á steinbít frá áramótum til febrúarloka eins og það var ákveðið af verðlagsráði nýverið kr. 18.60 hvert kg sem á að gilda frá og með 1. mars. Verði steinbítsverð ekki endurskoðað af viðkomandi aðilum þá má telja öruggt að línubátar Vestfirðinga stöðvist að um það bil viku liðinni. Það er þegar uppsagnarfrestur háseta er liðinn.“

Barnahópurinn sem kom í heiminn í fyrra. Mynd Sparisjóður Bolungarvíkur.

Sparisjóður Bolungarvíkur gefur fæðingargjafir

Sparisjóður Bolungarvíkur gaf öllum börnum búsettum í Bolungarvík og Suðureyri fæddum árið 2006 fæðingargjöf. Þetta framtak er til að hvetja íbúa bæjanna til dáða en gjöfin er 17.000 krónur fyrir hvert barn, sem lagðar eru inn á bundinn verðtryggðan hávaxtareikning. Miðað við núverandi ávöxtun verður upphæðin orðin 125.000 krónur þegar börning verða 18 ára.

Þrátt fyrir átak Bolvíkinga og ástarviku þeirra fæddust í fyrra fleiri börn á Suðureyri en í Bolungarvík, eða níu nýir Súgfirðingar á móti átta nýjum Bolvíkingum. Þetta er viðsnúningur frá fyrri árum en yfirleitt hafa um tveir þriðju hlutar barnanna komið frá Bolungarvík. Frá árinu 1985 hefur verið hefð hjá Sparisjóði Bolungarvíkur að gefa nýfæddum börnum bæjanna gjöf.

Frá upphafi hefur Sparisjóðurinn gefið 453 börnum frá Bolungarvík og Suðureyri fæðingargjafir, sem í fyrstu voru skírnargjafir en vegna sífellt fjölbreyttara og fjölþjóðlegra samfélags eru nú gefnar til að fagna fæðingu frekar en skírn. – *tinna@bb.is*

Aðstoða á fámenn sveitarfélög við að þróa langtímaáætlun um sjálfbæra þróun

Iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra hafa undirritað samkomulag um að aðstoða sveitarstjórnir í fámennum sveitarfélögum við að þróa langtímaáætlun um sjálfbæra þróun í heimabyggð. Markmiðið með samkomulaginu er að aðstoða sveitastjórnir í fámennum sveitarfélögum við að þróa langtímaáætlun um sjálfbæra þróun í heimabyggð. Með samkomulagi umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra um sameiginlegt verkefni er tengist innleiðingu Staðardagskrár 21 og sjálfbærri byggðaþróun í fámennum sveitarfélögum, sem undirritað var í Hrísey þann 25. apríl 2003, var lagður grunnur að því að efla starf að Staðardagskrá 21 í fámennum sveitarfélögum hér á landi, að því er fram kemur í tilkynningu.

Þá segir enn fremur: „Verkefnið aðstoð við Staðardagskrárgerð í fámennum sveitarfélögum felur í sér tækifæri fyrir sveitarstjórnirnar að líta upp úr daglegu amstri, sem oft á tíðum snýst einkum um að bregðast við aðsteðjandi vandamálum. Um leið gefst ráðrúm til að sinna hinu meginhlutverkinu sem seta í sveitarstjórn felur í sér, nefnilega að þróa samfélagið og móta því framtíðarsýn. Fullyrða má að starfið hafi þegar skilað miklum árangri og í samtölum við forsvarsmenn fámennra sveitarfélaga hefur komið í ljós að starfið að Staðardagskrá 21 hefur eflt bjartsýni íbúanna og stuðlað að betri ímynd og sjálfsvitund þeirra.“ – *eirikur@bb.is*

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Eiríkur Örn Norðdahl, símar 456 4694 og 845 2685 *eirikur@bb.is* – Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is* – *Anna Sigríður Ólafsdóttir, símar 456 4680 og 860 6062, annska@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Húsadreki í Dýrafirði

Zófonías G. Þorvaldsson á Læk í Dýrafirði fann gervisporðdreka á baðgólfinu hjá sér á dögunum. Þar var kominn húsadreki (Chelifer cancroides), en hann hefur ekki fundist annars staðar á Vestfjörðum svo vitað sé nema í Steingrímsfirði. Húsadrekar eru 3-4 mm að stærð. Þeir lifa á maurum, bóklúsum og öðrum smákvikindum og teljast því góðir sambýlisaðilar.

Sextíu sundgarpar á Kiwanismóti Vestra

Sextíu krakkar frá Sundfélaginu Vestra á aldrinum 5-20 ára tóku þátt í Kiwanismóti sem haldið var á Flateyri á laugardag. Mikið fjör var á mótinu að sögn Benedikts Sigurðssonar, yfirþjálfara Vestra, og segir hann krakkarnir hafa synt bæði af alvöru í kapp við tímann sem og í sakleysi sínu fyrir áhorfendur. Á mótinu féllu bæði aldursflokkalágmörk, lágmörk á Íslandsmeistaramótið sem og Ísafjarðar- og Vestfjarðarmet.

Vel lukkað góublót hjá Súgfirðingum

Nærri tvö hundruð manns skemmtu sér saman á góublóti Súgfirðinga á laugardagskvöld og eru það heldur fleiri en hafa verið að koma saman til blótshalds þar undanfarin ár. Að gömlum súgfirskum sið halda karlar góublót annað hvert ár og konur á Suðureyri þorrablót. Var þetta í sjötugasta og annað sinn sem haldið er blót á Suðureyri og þrítugasta og sjötta sinn sem karlar halda góublót. Á blótið koma allir með sinn þorramat í trogum, en reynt er að halda góublót í kringum síðasta dag þorra.

Fyrirkomulag er með þeim hætti hjá körlunum að skipuð er 7-9 manna allsherjarnefnd, sem hafa svo á sínum snærum skemmtinefnd sem í ár veitti formennsku Snorri Sturluson, ræðunefnd undir stjórn Þorvaldar Þórðarsonar og húsnefnd sem Guðmundur Karvel Pálsson sá um. Formaður allsherjarnefndar í ár er Magnús S. Jónsson, skólastjóri á Suðureyri, og segir hann blótið hafa lukkast vel í alla staði. Segir hann ríka hefð fyrir því í Súgandafirði að gamanvísur séu sungnar af heimamönnum um heimafólk og atburði ársins sem á undan gekk og það veki ávallt kátínu, en skemmtiatriðin eru alltaf heimatilbúin. Blótið var haldið í íþróttahúsinu á Suðureyri og er það í annað sinn sem það er gert.

Blótin á Suðureyri eru þrískipt og er borðhald í fyrsta hluta, skemmtiatriði í öðrum hluta og svo dansleikur í þeim þriðja, hálftíma hlé er gert á milli allra hluta. Magnús segir töluverða vinnu liggja að baki því að gera salinn til, fyrst að koma upp senu, borðum og stólum og síðan tilfærsla á milli borðhalds, skemmtiatriða og dansleiks, en heimfólk liggur ekki á liði sínu við að gera blótin sem glæsilegust úr garði. Fyrir dansi á Suðureyri lék band sem kallar sig A.H. group og samanstendur það af Hjónabandinu og nokkrum meðlima Appolo.

Á borðhaldinu voru flutt þrjú minni. Minni Íslands sem Þröstur Óskarsson flutti, minni kvenna sem Ingólfur Þorleifsson flutti og minni Súgandafjarðar sem Einar ómarsson flutti. Fyrsta þorrablótið í Súgandafirði héldu konur árið 1936 og buðu mönnum sínum til veislu. Árið eftir svöruðu karlar fyrir sig með góublóti. Síðan hafa karlar og konur haldið þessi blót til skiptis. Páll Önundarson var á blótinu og tók þar meðfylgjandi myndir.

– annska@bb.is

Níu stúlkur keppa um titilinn Ungfrú Vestfirðir

Níu stúlkur taka þátt í Fegurðarsamkeppni Vestfjarða sem verður haldin á Ísafirði 4. apríl. Að sögn Rakelar Magnúsdóttur, framkvæmdastjóra keppninnar, var áhugi fyrir þátttöku svo mikill að vísa þurfti frá stúlkum. Aðra sögu var að segja í fyrra þegar var keppnin blásin af þar sem ekki fengust nógu margir þátttakendur en venju samkvæmt er keppnin haldin annað hvert ár. Þetta er í annað sinn sem svo margir keppendur taka þátt en metþátttaka var í síðustu keppni sem haldin var 2004 þar sem níu stúlkur tóku þátt. Af þeim kepptu þrjár stúlkur um titilinn Ungfrú Ísland sem haldin var í Reykjavík þar sem tvær vestfirskar stúlkur komust í fyrstu fimm sætin en það er besti árangur fulltrúa Vestfjarða í keppninni til þessa.

Stúlkurnar sem taka þátt í ár eru; Adda Bjarnadóttir frá Suðureyri, Edith Guðmundsdóttir Hansen frá Ísafirði, Gréta María Kristinsdóttir frá Þingeyri, Guðrún A. Böðvarsdóttir frá Ísafirði, Hulda Bjarnadóttir frá Suðureyri, Magdalena Margrét Sigurðardóttir frá Ísafirði, Salóme Halldórsdóttir frá Bolungarvík og Svala Sif Sigurgeirsdóttir einnig frá Bolungarvík og Vala Karen Viðarsdóttir frá Ísafirði.

– thelma@bb.is

Áhættumat og forvarnir á vinnustöðum

Ráðstefna í Þróunarsetri Vestfjarða, Árnagötu 2-4 á Ísafirði 1. mars 2007 kl. 13:00 - 15:30

Kl. 13:00 – 13:05	Opnun ráðstefnu.
Kl. 13:05 - 13:15	Setning.
Kl. 13:15 - 14:00	Áhættumat og forvarnir á vinnustöðum – Kynning á nýjum ákvæðum reglugerðar nr. 920/2006. Inghildur Einrsdóttir, deildarstjóri hjá Vinnueftirlitinu.
Kl. 14:00 – 14:15	Áhættumat á vinnustað. Reynsla vinnustaðar.
	Kaffi.
Kl. 14:35 - 14:50	Áhættumat á vinnustað. Reynsla vinnustaðar.
Kl. 14:50 - 15:30	Pallborðsumræður.
Kl. 15:30	Ráðstefnuslit.
	Ráðstefnustjóri: Leifur Gústafsson, fagstjóri hjá Vinnueftirlitinu.

Markhópar ráðstefnunnar eru:

Stjórnendur fyrirtækja og stofnana, öryggisverðir, öryggistrúnaðarmenn og félagslegir trúnaðarmenn á vinnustöðum, fulltrúar samtaka launþega og atvinnurekenda, sérfræðingar og ráðgjafar á sviði heilsu og öryggis, hönnuðir og skipuleggjendur starfsmenntunar og starfsfræðslu, stjórnmálamenn og aðrir áhugasamir.

Skráning á ráðstefnuna er á netfanginu vestfirdir@ver.is og í síma 450 3080.

Aðgangur er ókeypis.

VINNUEFTIRLITIÐ

11% aukning á aflaverðmæti

Alls voru 36.491 tonn af afla verkuð á Vestfjörðum fyrstu 11 mánuði síðasta árs. Er það nokkru minna en fyrstu 11 mánuði ársins á undan þegar verkuð voru 41.589 tonn af afla. Samdrátturinn er upp á rúm 12% á milli ára. Til samanburðar má geta þess að sama tíma varð aukning í afla á höfuðborgarsvæðinu um 7,4%. Þrátt fyrir að afli hafi verið minni 2006 en 2005 var verðmæti aflans meira, en fyrstu 11 mánuðina 2006 var aflaverðmæti á Vestfjörðum 3.906,5 milljónir króna, en á sama tímabili árið áður var það 3.506,5 milljónir króna. Aukningin er upp á 11%.

Ný kæra á hendur MSN perra

Önnur kæra hefur borist lögreglunni á Ísafirði vegna manns sem beraði kynfæri sín á netsamskiptaforritinu MSN við ungar stúlkur. Þetta er fjórða kæran af þessum toga sem borist hefur frá áramótum. Að sögn lögreglunnar er rannsókn málsins enn í fullum gangi, en lítið annað hægt að segja að svo stöddu. Þannig gat lögreglan ekki svarað því hvort einn eða fleiri eru að verki. Mikil upplýsingaöflun á sér stað við rannsókn mála af þessu tagi, s.s. að rekja IP tölur og fleira og getur þetta verið tímafrek vinna.

Þorra blótað í Holti

Þorrablót var haldið í Holti síðasta föstudag en um það sjá íbúar sveitabæjanna í Önundarfirði. Að sögn Sigríðar Magnúsdóttur frá Kirkjubóli í Valþjófsdal var fullt hús, mikið fjör, sungið og dansað auk þess sem metnaðarfull skemmtiatriði voru á dagskrá. Þorrablótið í Holti hefur verið haldið árlega með hléum frá því um miðja síðustu öld. Bæirnir í firðinum sjá um blótið til skiptis þannig að það stendur á endum að hver situr í nefnd annað hvert ár. Þá koma afkomendur og ættingjar blótshaldara gjarnan úr öðrum landshlutum til að blóta þorra með gömlum vinum og ættingjum í heimahögunum. Páll Önundarson kom við á blótinu og tók þar meðfylgjandi myndir. – *tinna@bb.is*

STAKKUR SKRIFAR

Gleði vegna jarðganga – ný sýn

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Bolvíkingar geta glaðst yfir samgönguáætlun. Gert er ráð fyrir því að jarðgöng verði lögð frá Bolungarvík að Skarfaskeri. Er þar um að ræða mikla samgöngubót sem ætti að duga til þess að skapa grundvöll uppbyggingar mannlífs á norðanverðum Vestfjörðum. Samskipti byggða við Ísafjarðardjúp munu eflast mjög sé vilji til þess og skapast þá eitt sameiginlegt þjónustusvæði á norðanverðum Vestfjörðum og möguleiki á því að skapa eitt öflugt sveitarfélag, sem sinnt geti þörfum íbúa sinna, sem yrðu þó ekki nema um fimm þúsund, en langstærstur hluti íbúa á Vestfjörðum.

Það dregur athygli að þeirri nauðsyn á því að skapa nýja framtíðarsýn fyrir Vestfirði. Hverjar eru áherslur sveitarstjórnarmanna varðandi atvinnulíf á svæðinu og hvernig á að nýta mögulega kosti samstarfs við Strandamenn og Barðstrendinga. Enn skortir á sameiginlega sýn í samgöngumálum og hvert skuli stefna. Í Barðastrandarsýslu hefur íbúum fækkað jafnt og þétt. Í raun virðast þeir hvað mest einangraðir Vestfirðinga að vetri til vegna samganga. Nú horfir til mikilla bóta. Samt eru þeir til sem ætla að fyrst og fremst skipti máli að tengja Ísafjarðarsvæðið sem best við aðra hluta Íslands. Nefna má til dæmis um það hugmyndir um jarðgöng til Kollafjarðar úr Ísafjarðardjúpi.

Gaman væri vissulega að grafa göng um allt, en þá er mikilvægt að muna að þau eru dýrasta leiðin til að leggja vegi. Að auki fylgir umferð í þeim meiri hætta en af akstri á venjulegum vegum. Því lengri sem göngin eru því meira eykst hættan. En í þessu efni eins og öllu öðru er vert að bera saman hættu af öðrum orsökum og jafnframt hagræði er fylgir því að stytta leiðir. En hvert er hið raunverulega hagræði Óshlíðarganga? Vert er að muna að Vestfjarðagöngin hafa ekki haft í för með sér fjölgun íbúa. Flestum ber saman um það að lífið sé þægilegra nú en fyrr. Þó hefur verið kvartað undan ýmsu, sem flestum var ljóst að myndi fylgja jarðgöngum undir Breiðadals- og Botnsheiðar.

Eðli málsins dregst opinber þjónusta saman í þeim skilningi að hún flyst á einn stað. Nægir að nefna heilbrigðisþjónustu og skóla. Af því tilefni er eftirtektarvert að sjá að ætlun stendur til þess að framhaldsskóli á Patreksfirði verði útibú frá Snæfellsnesi. Er Menntaskólinn á Ísafirði ekki besti kosturinn sé ætlunin að skapa samstöðu Vestfirðinga?

Grunnskóli þarf að ná ákveðinni stærð til þess að verða góður og hagkvæmur og geta þjónað nemendum sínum með besta mögulega hætti. Allar hugmyndir um að efla grunnskólann á Ísafirði hafa fallið í grýttan jarðveg utan Skutulsfjarðar. Virðist þá ekki skipta máli hvað nemendum kann að vera fyrir bestu varðandi uppbyggingu náms. Önnur þjónusta hefur einnig dregist saman og verslun flust til Ísafjarðar.

Eru stjórnmálamenn að móta stefnu fyrir nýtt og stærra svæði eða á það að bíða?

Sigurjón fer ekki fram í NV-kjördæmi

Sigurjón Þórðarson, alþingismaður Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi, mun skipta um kjördæmi í komandi kosningum og skipa fyrsta sæti listans í Norðausturkjördæmi. Sigurjón var annar maður á lista í Norðvesturkjördæmi í síðustu kosningum, á eftir formanni flokksins, Guðjóni Arnari Kristjánssyni. Guðjón mun áfram leiða listann hér vestra samkvæmt upplýsingum blaðsins. Fyrir skömmu sagði Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður, sig úr Framsóknarflokknum og hyggst hann ganga til liðs við Frjálslynda flokkinn. Miklar vangaveltur hafa verið um það hvar Bolvíkingurinn Kristinn muni fara fram, og má velta því fyrir sér hvort ekki hafi nú losnað pláss fyrir hann á lista sem sé líklegt til að geta af sér þingsetu á komandi kjörtímabili.

Gera á úttekt á varaleiðum ef Vestfjarðagöng skyldu lokast

Lilja Rafney Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi Í-listans, lagði fram tillögu fyrir hönd Í-listans á fundi bæjarstjórnar á fimmtudag um að því yrði beint til Vegagerðarinnar og Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar að úttekt verði gerð á því hvaða varaleiðir sé hægt að nýta í neyð ef Vestfjarðagöng lokast vegna slysa, eldsvoða eða óhappa við flutning hættulegra efna, eða annarra ófyrirsjáanlegra orsaka. „Einnig verði lögð áhersla á, við endurskoðun viðbragðsáætlunar fyrir Vestfjarðagöng, sem nú stendur yfir hjá Vegagerðinni á Ísafirði og Slökkviliði Ísafjarðarbæjar, að skoðaðir verði möguleikar á að nýta Botns- og Breiðadalsheiðar sem neyðarleið yfir sumarið ef Vestfjarðagöngin lokast og koma þarf fólki strax undir læknishendur, eða t.d. slökkvibúnaði frá Ísafirði yfir á firðina vestan megin við göngin“, segir í bókuninni.

Í greinargerð sem fylgir tillögunni segir orðrétt: „Viðbragðsáætlun fyrir Vestfjarðagöng var gerð þegar göngin voru opnuð árið 1996 og stendur nú yfir endurskoðun á henni og reiknar Vegagerðin á Ísafirði með að því verki ljúki í vor. Við þá endurskoðun verður m.a. haft samráð við bæjaryfirvöld og Slökkvilið Ísafjarðarbæjar og er mjög mikilvægt að allar hugsanlegar aðstæður verði skoðaðar sem skapast gætu ef Vestfjarðagöng lokast í lengri eða skemmri tíma. Víða á landinu eru sumarvegir með lágmarksviðhaldi og gætu Botns- og Breiðadalsheiðar flokkast sem slíkir vegir og verið nýttir í neyðartilfellum. Nauðsynlegt er að tryggja íbúum það öryggi sem hægt er ef Vestfjarðagöng lokast og koma þarf fólki vestan heiða á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði eða t.d. að kalla út aðalslökkviliðið á Ísafirði til aðstoðar á fjörðunum. Brýnt er að kynna íbúum í Ísafjarðarbæ „Brunavarnaáætlun 2007“ og viðbragðsáætlun fyrir Vestfjarðagöng þegar endurskoðun hennar er lokið“.

– eirikur@bb.is

Reykjanes við Ísafjarðardjúp.

Fer þess á leit að vegurinn um Reykjanes verði varinn búfénaði

Landeigandi í Reykjanesi hefur farið þess á leit við sveitarstjórn Súðavíkurhrepps og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að vegurinn um Reykjanes verði varanlega varinn af þeirri slysahættu sem búfé getur valdið, nú þegar framkvæmdir við lagningu nýs vegar um Reykjanes og Vatnsfjarðarsveit er hafin. „Að mínu mati yrði það best gert með friðun á nesinu fyrir búfé, öruggu rimlahliði við Rauðagarð, traustri girðingu beggja vegna, þyrfti e.t.v. hlaðna garða í sjó fram og rimahlið á Reykjanes Vatnsfjarðarmegin“, segir Margrét Karlsdóttir í bréfi sínu til Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar.

Í bréfinu er einnig vakin athygli á eftirfarandi atriðum: „Rauðigarður innarlega á Reykjanesi er landamæri Reykjaness og Svansvíkur. Þar hefur verið rimlahlið til varnar þess að búfénaður væri út í Reykjanesi. Girðing hefur verið í sjó beggja vegna, sem þó hefur verið misvel viðhaldið, líka vegna þess hve erfitt hefur verið við fjöruborð beggja vegna að hafa hana í lagi. Það sem öll umferð um Djúpið verður eftir þessum vegi er nauðsynlegt að halda frá honum eins mikið og kostur er.“

Þá tekur Margrét það skýrt fram að hún viti ekki hvort Vegagerð eða aðrir hafi rætt eða ákveðið eitthvað um að viðhalda girðingu og rimlahliði við Rauðagarð og stuðla þar með að öryggi vegfarenda og áframhaldandi náttúru vernd í Reykjanesi, en Reykjanes er á friðlýstri náttúruminjaskrá sem kunnugt er. Sveitarstjóra Súðavíkur var falið að ræða við Vegagerðina um málið. *– thelma@bb.is*

612 manns fluttust frá Vestfjörðum í fyrra

Alls fluttust 612 manns frá Vestfjörðum á síðasta ári. Þar af fluttist ríflega helmingur til höfuðborgarsvæðisins, eða 318 manns. Næst flestir fluttust til Vesturlands, eða 71 manns. Suðurland var næst vinsælast, en þangað fluttust 57 manns. 54 fluttust til útlanda, 46 manns fluttust til Suðurnesja, 29 manns fluttust til Norðurlands eystra, og 28 fluttust til Norðurlands vestra.

Einungis níu manns fluttust til Austurlands frá Vestfjörðum á síðasta ári. Aðeins fleiri karlmenn fluttu frá Vestfjörðum en kvenmenn, 310 á móti 302. Karlmenn voru í meirihluta þeirra sem fluttu á höfuðborgarsvæðið, til Norðurlands vestra, Austurlands og til útlanda. Konur voru í meirihluta þeirra sem fluttu til Suðurnesja, til Vesturlands, til Norðurlands eystra, og til Suðurlands.

– eirikur@bb.is

Sparisjóðurinn flytur í mars

Lengi hefur Sparisjóður Vestfirðinga á Ísafirði beðið eftir grænu ljósi á flutninga í nýtt húsnæði í nýbygginu að Hafnarstræti. Að sögn Eiríks Finns Greipssonar, aðstoðarsparisjóðsstjóra, hefur verið ákveðið að negla niður dagsetningu og þann 10. mars mun Sparisjóðurinn flytja sig ofar á eyrina.

Eins og lesendum blaðsins er kunnugt um stóð til að flutt yrði í húsnæðið strax í fyrrahaust en þegar ljóst varð að ekki yrði úr því var ákveðið að flutt yrði upp úr áramótum. Flutningar hafa því dregist mjög á langinn, en gera má ráð fyrir að flutningunum langþráðu verði fagnað með viðeigandi hætti þegar þar að kemur. Auk Sparisjóðsins verða í húsinu innheimtuþjónustan Intrum og Fasteignasala Vestfjarða.

Gert er ráð fyrir að öll fyrirtækin hefji formlega starfsemi í húsinu mánudaginn 12. mars.

– tinna@bb.is

Vilja veiðirétt í Ísafjarðará

Stangaveiðifélag Ísfirðinga hefur lýst yfir áhuga á að taka Ísafjarðará á leigu í þeim tilgangi að rækta ána upp og útvega félagsmönnum veiðirétt á skipulagðan og hóflegan máta. Félagið sendi Súðavíkurhreppi og Strandabyggð bréf til að kanna hvort veiðiréttur Ísafjarðarár væri laus. Sveitarstjórn Súðavíkur er ekki reiðubúin að fara í viðræður um leigu á Kleifarkoti fyrr en núverandi samningur er útrunninn. Ríkið er eigandi jarðarinnar Kleifarkot sem veiðirétturinn byggir á og er í gildi leigusamningur við Súðavíkurhrepp um jörðina. Í gildi er jafnframt leigusamningur um jörðina þar sem Súðavíkurhreppur er leigusali og rennur sá samningur út í maí nk.

Stangaveiðifélagið er áratuga gamalt og hefur starfsemi þess einkum verið við Langadalsá í Djúpi, sem og hér áður við Hvannadalsá og Laugardalsá í Djúpi, Þó mun minna við síðarnefndu árnar.

Allar þessar ár eru nú leigðar út á hörðum samkeppnismarkaði. Félagið á nú tvær jarðir í Langadal, það er Fremri Bakka og Bakkasel.

– thelma@bb.is

„Áður en ég kynntist fyrrverandi konu minni var ég staðráðinn í því að fara í sólina og gerast mótorhjólatöffari, en svo breyttist það. Allt í einu var komið barn í spilið, og kona. Þá breyttist spilið og maður varð örlítið ábyrgðarfyllri.“

Sportbátasjómaðurinn

Örn Torfason, sjóntækjafræðingur eða „optíker“, er sonur skipstjórans Torfa Björnssonar og Sigríðar Króknes, fæddur árið 1970. Hann er einn fimm systkina, næstyngstur. „Náði næstum að vera örverpi, en ekki alveg“, segir hann og hlær. Hann stundaði fótbolta af kappi á yngri árum, nam svo sjóntækjafræði í Kaupmannahöfn og fékk hina alræmdu kajakdellu fljótlega eftir að hann fluttist heim eftir nám. Stuttu seinna var hann orðinn formaður siglingaklúbbsins Sæfara. Blaðamaður BB hitti Örn yfir rétti dagsins í hádeginu á Hótel Ísafirði og fékk að spyrja hann nokkurra spurninga.

Hætti við að gerast mótorhjólatöffari

– Hefur þú búið hér fyrir vestan alla þína hunds- og kattartíð?

„Ja, svona nokkurn veginn. Var í burtu í nokkur ár. Fór fyrst til að freista gæfunnar í fótboltanum, og svo aftur til að læra mitt fag. Ég er sautján ára þegar ég fer suður og spila þá með Víking, Val og á Ólafsfirði líka. Helsta afrek mitt í fótboltanum var að komast í 21 árs landsliðið. Ég meiddist dálítið eftir það og sá þá fram að mitt markmið í boltanum, sem var auðvitað að verða ansi góður, það myndi tefjast um nokkur ár. Þá ákvað ég að bregða mér aftur heim á Ísafjörð og leysa Dídí systur af í Gullauga, en hún var á leiðinni í ársleyfi til Bandaríkjanna til að vera með bónda sínum sem þar var við nám. Við það var framtíð mín nokkuð ráðin, þegar áhuginn á sjóntækjafræðinni byrjaði. Ég vann að vísu hjá Dídí í nokkur ár áður en ég fór út í námið.

Námið var fimm ár, svo maður var í svolítinn tíma í burtu. Fimm ár í námi og fjögur í bolta, þetta er stór hluti ævinnar enn sem komið er. Svo kemur maður aftur heim, þar sem manni líður best.“

– Hvert fórstu í nám?

„Ég fer til Danmerkur. Til Kaupmannahafnar. Áður en ég kynntist fyrrverandi konu minni var ég staðráðinn í því að fara í sólina og gerast mótorhjólatöffari, en svo breyttist það. Allt í einu var komið barn í spilið, og kona. Þá breyttist spilið svolítið og maður varð örlítið ábyrgðarfyllri, og ákvað að fara til Danmerkur þar sem sósíallinn er betri og umhverfið stabílla. Skólinn minn, sem er í Fredriksberg og heitir Danish School of Optometry, sérhæfir sig í að kenna sjóntækjafræði og býður þar að auki upp á löggildingarnám í augnlinsumælingum, sem er eitt aukaár, sem ég tók. Venjulega er það þannig að maður á að hafa starfað í einhvern tíma áður en maður fer í linsunámið, en ég komst inn í það enda hafði ég unnið við optikið árið áður en ég byrjaði í skólanum. Svo gekk mér vel í skólanum og fékk leyfi til að taka linsunámið og klára. Sérnám í linsum er þannig að þá hef ég leyfi til þess erlendis að máta og prufa linsur. Faktískt erum við bara þrjú, held ég frekar en fjögur, sem erum með þetta leyfi hér á landi.“

– Erlendis - eru aðrir standardar innanlands?

„Í raun og veru eru engir standardar til í linsum á Íslandi. Það er ekki komin löggilding á það. Það kom löggilding á sjónmælingarnar fyrir tveimur árum síðan, en það hefur ekki náðst samkomulag um linsurnar við Landlækni og ráðuneyti.“

– Og þarna ertu búinn að eignast barn?

„Ég eignast ekki barn sjálfur fyrr en 1995, deginum áður en ég fer í nám erlendis. Gerðist nú fósturfaðir ungrar dömu aðeins fyrr, og tók hana bara sem mitt barn og hef gert síðan. Að því leytinu til varð ég faðir þá. Ég kynntist móður hennar 1992. Svo eignast ég þriðja barnið 1998. Það eru Matthildur, Guðrún og Dýrfinna, í þeirri röð.“

– Þér hefur gengið vel í námi?

„Mér gekk vel í sjóntækjafræðinni. Ég var ekki mikill nemandi í menntaskóla, sem ég tók hálfan hér og hálfan fyrir sunnan, og það verður að segjast eins og er að ég slugsaðist í gegnum þetta. Svo breyttist það nú þegar maður eignaðist barn og fluttist út. Viðhorfið og áhuginn breyttust og maður tók þessu með alvöru. Strax á fyrsta ári byrjaði ég að aðstoða við kennslu á verkstæðinu, að kenna handbragðið við að vinna gleraugu og slípa þau. Við þetta hafði ég auðvitað unnið í mörg ár, og kunni upp á hár. Ég hafði góðan meistara í því.“

Að snúa heim

– Hvenær kemurður svo heim?

„Ég kem heim sumarið 2000 og ákvað að taka að mér gleraugnadeildina hjá Dídí. Þá var málið þannig að ég hafði möguleika á að fá vinnu hér á Ísafirði, en það var ekki svoleiðis með alla fjölskylduna. Við vildum helst búa um okkur hér fyrir vestan eða úti á landi og okkur bauðst báðum vinna á Akureyri annars vegar og Egilsstöðum hins vegar. Það var svo nokkurn veginn á síðustu stundu að að bæði fengjum vinnu á Ísafirði. Þá komst maður í sæluna, heim til sín. Það var alltaf stefnan hjá okkur að koma heim. Það er gott að vera hérna í faðmi fjallanna og maður þekkir sitt umhverfi. Hjartað slær hér. Þótt maður hafi farið burtu þá líður manni alltaf best hér. Svo er fjölskyldan hérna. Því miður eru fáir af gömlu vinunum eftir, en maður hefur bara fengið sér nýja.“

– Er þetta sama starfið sem þú hefur unnið í Gullauga frá upphafi?

„Já, faktískt. Þegar ég kem hérna fyrst, 1992, er ég að slípa gleraugu og búa til gleraugu. Þá afgreiddi ég líka út í búð, og um jól og á álagstímum aðstoðaði ég Dídí við að smíða skartgripina. Síðan þegar ég klára námið koma sjónmælingar og linsumælingar inn. Ég gerðist svo djarfur strax í byrjun að kaupa mér græjur þótt það væri ekki búið að löggilda mælingarnar. Það gat ekki varað lengi að Íslendingar yrðu eina þjóðin sem leyfðu ekki sjónmælingar hjá optíkerum. 1. janúar 2005 kemur löggildingin svo í gegn. Þá er ég faktískt búinn að vera að mæla í fjögur ár.

Þau ár sem ég leysti Dídí af sá ég um bókhaldið og slíkt. Svo þegar ég kem aftur tók ég þennan daglega rekstur yfir og rak fyrirtækið fyrir Dídí, en hún var alltaf eigandi þar til hún ákveður að flytja burt 2002. Þá kem ég inn í fyrirtækið sem eigandi, og er búinn að eiga það einn undanfarin ár.“

– Og þetta hefur gengið vel?

„Já, bara ljómandi. Það hefur verið tiltölulega góður vöxtur í fyrirtækinu í heild sinni. Þetta er náttúrulega lítið markaðssvæði og gefur ekki endilega mikla möguleika. Við erum auðvitað með fleira en gleraugun, t.d. skartgripasöluna sem Dídí byggði upp öll þessi ár og svo tókum við inn úrin árið 2001. Það hefur verið til að drýgja tekjurnar og jafna veltuna. Það er ekki lengur þessar svakalegu sveiflur í kringum jól og fermingar eins og voru hérna áður fyrr.“

Sjóveikur í Sæfara og eyjan sem ruggaði

– Varstu eitthvað í kajaksportinu áður en þú kemur frá Danmörku?

„Nei, ég var það ekki. Eina hobbíið sem ég hafði fyrir það var fótboltinn og svo skíði. Ég var alltaf sjóveikur, og það eru til margar góðar sögur af því þegar ég fór með föður mínum á sjóinn. Ég var einu sinni settur í land í Vigur. Sigga í Vigur nefnir það í hvert einasta skipti sem ég hitti hana að ég sé strákurinn sem sá eyjuna rugga, og spyr hvort ég muni eftir því. Ég stóð fastur á því þennan dag sem ég var hjá henni að eyjan ruggaði.

Svo gerist það að ég kynntist góðum manni, Halldóri Sveinbjörnssyni, og hann bauð mér á kajak. Ég fór með honum einu sinni á kajak og steinféll fyrir sportinu og pantaði mér strax tvo. Þá báta á ég ennþá í dag. Í framhaldi af því, eins og sönnum dellukarli sæmir, lagðist ég hart í sportið og reri mikið. Ég fór líka að bera út boðorðið og klúbburinn stækkaði mikið á þessum tíma. Halldór hafði verið formaður, og ég var svo afskiptasamur með eindæmum að það var ákveðið að ég skyldi taka að mér formennskuna í klúbbnum. Það er árið 2001, um vorið. Þegar ég byrja í klúbbnum erum við 7, strax árið eftir var fjöldinn kominn upp í 30 og við búnir að sprengja af okkur aðstöðuna. Þá ákváðum við að þegar 100 bátar væru komnir í hús myndi ég hætta sem formaður. Við náðum því í fyrravor og erum núna með rúmlega 100 báta. Ég þrjóskast við. Það er erfitt að halda kjafti. Það er stanslaus vöxtur hjá okkur og lítið um afföll. Það er kannski það skemmtilega við þetta, fólk tekur sér stundum pásu í einhvern tíma en það kemur alltaf aftur, enda er náttúrufegurðin og róin í þessu mikil og stutt að fara til að komast langbestu aðstöðu á landinu. Margir erlendir ferðamenn og sérfræðingar hafa komið hingað vestur og róið með okkur djúpið og strandirnar, og þeir lofa þetta í hástert.“

– Hvenær hefst barna- og unglingastarfið hjá ykkur?

„Það eru komin þrjú ár síðan. Það var nú bara tilraun sem við ákváðum að gera þegar við sáum fram á að við þyrftum að breyta fyrirkomulaginu hjá okkur og bæta aðstöðuna. Í þessu voru nær eingöngu fullorðnir menn og konur og því reyndist erfitt að sækja styrki og fé til ríkis og fyrirtækja til að fjármagna reksturinn. Þá ákváðum við að skella okkur í barnastarfið og fengum til okkar mjög góða menn, Harald Tryggvason og Alfreð Magnússon, ásamt fleirum sem voru með þeim, allt saman tærir snillingar. Þeir hafa verið með námskeiðin fyrir okkur síðastliðin þrjú sumur, og það hefur vægast sagt gengið frábærlega. Fyrsta árið vorum við með 30 krakka, næsta 60 og síðasta sumar vorum við með 90 krakka.

Þetta er nú þannig að það við þurfum varla að auglýsa þessi námskeið, slík er ásóknin. Krakkar koma alls staðar að af landinu, og svo koma líka krakkar erlendis að. Þarna kennum við útivist og almenna umgengni um náttúruna. Við kennum þeim að bregðast við aðstæðum sem þau geta lent í í náttúrunni. Krakkarnir upplifa þetta með því að fara í fjallgöngur, með því að leika sér í sjónum, og með því að finna hvernig klæðnaður og útbúnaður hefur áhrif á líkama þeirra. Þessir krakkar sem hafa verið þarna hafa fengið smjörþefinn af því hvernig er að stunda útivist og hvernig á að umgangast náttúruna.“

Að sigla undir björg og baða sig í fossum

– Hvar er best að róa?

„Skemmtilegast er að sigla frá Hornvík og niður að Gjögri, og margir góðir staðir á leiðinni. Svo líka þegar veður verða vond, það er líka gaman, því það er nú þannig að þeir sem eru í þessu hér eru vægast sagt mjög færir í sínu fagi, þeir bestu á landinu og með þeim bestu í heiminum. Svo það er ekki leiðinlegt að leika sér í brimbrotinu í Hornvík, veltast um í fjörunni, eða þá að sigla undir bjargið og fara inn í hella eða baða sig í fossum sem falla niður af bjargbrúnunum. Svo eru Jökulfirðirnir mjög skemmtilegir líka, rólegra svæði og stabílla. Faktískt hef ég aldrei lent í vondu veðri, en það er hægt að lenda í slæmu veðri. Við látum skynsemina ráða og pössum okkur á því að velja gott veður.“

– Hefurðu lent í einhverjum ógöngum á kajak?

„Nei, ég hef aldrei lent í ógöngum. Við höfum róið í 12 vindstigum hér út á djúp. Það tók okkur fimm klukkutíma að róa hér rétt út fyrir fjarðarkjaftinn, en það tók okkur ekki nema kortér að fara heim. Þá erum við vel klæddir, með allar græjur í lagi. Við pössum hver annan. Daginn eftir þessa ferð var aðeins skárra veður, ekki nema 10 vindstig. Þá valt ég á leiðinni í land. Ég missti kókflöskuna út fyrir og ætlaði að sækja hana, það passaði, þá fékk ég brot í rassinn og fór á hvolf. Ég fór bara úr bátnum og hélt mér í hann þar til félagar mínir uppgötvuðu að mig vantaði. Þá sneru þeir bara við og hjálpuðu mér uppí og við fórum í land.

Það er nú þannig í þessu sporti að ef að menn haga sér vel og fara eftir því sem þeim er kennt þá er engin hætta á því að menn fari sér að voða. Því miður hafa gerst óhöpp, og það má eingöngu rekja til þess að þeir aðilar hafa verið einir á ferð og ekki farið á

„Ég var ekki mikill nemandi í menntaskóla, sem ég tók hálfan hér og hálfan fyrir sunnan, og það verður að segjast eins og er að ég slugsaðist í gegnum þetta. Svo breyttist það nú þegar maður eignaðist barn og fluttist út. Viðhorfið og áhuginn breyttust og maður tók þessu með alvöru.“

n sem sá eyjuna rugga

námskeið. Að öðru leyti er þetta hættulaust sport.“

– Hverslags útbúnað eruð þið með?

„Það er mismunandi eftir árstíðum. Yfir sumartímann erum við í neophrane galla. Sem gefur öruggt flot og góðan hita. Á veturna erum við kappklæddir í ullarfatnað og í þurrgöllum, svo það kemst ekki dropi inn. Þá erum við með vettlinga til að vernda hendur fyrir kulda og neofrenhettur á höfði. Við getum þá verið í sjónum í dágóða stund Það er þannig að við róum á móti straumi þegar við förum frá landi og með straumi þegar við förum heim. Ef eitthvað kemur upp á ber okkur þá hratt að landi. Mikilvægast er samt að vera með einhvern með sér, ekki róa einn. Svo erum við með talstöðvar, neyðarsendi, blys og þar fram eftir götunum. Við erum vel útbúnir og það er það sem skiptir máli.

Í ferðalögum er svo lúxus á okkur. Við erum með stór tjöld, nægan mat, nægar birgðir, kjöt, steikur, allan pakkann. Báturinn nýtist bæði sem þurrgeymsla og kaldageymsla, því sjórinn heldur köldu í hólfinu, þannig að mjólk og kjötvara helst heilt. Þetta eru töluvert öðruvísi ferðir en þurrmatarbakpokaferðirnar.“

– Hvað er mikið geymslupláss í einum kajak?

„Þetta eru um 200 lítrar sem við höfum í hverjum bát. Þyngsti bátur í ferð var hjá einni 40 kílóa konu sem var með 130 kíló í farangur. Hún ferðaðist um með sprengjuodd, og safnaði saman steinum. Við settum hann á vigtina þegar hún kom í land. Þetta lét hún okkur rogast með upp og niður allar fjörur. Fjórir fílefldir karlmenn áttu í erfiðleikum með hann.“

– Er mikið mál að taka land?

„Nei, í raun og veru ekki. Mestu skiptir að finna góða fjöru, að velja sér ógrýtta fjöru. Sandfjöru eða fína malarfjöru. Þannig að það er engin vandi. Ef það er einhver sjór er vaninn sá að við sendum færasta manninn fyrst og hann tekur svo á móti hinum.“

Skútur og siglingadagar

– En þið eruð með fleira en kajaka. Segðu mér frá öðrum hlutum starfseminnar.

„Skúturnar eru að koma aftur upp eftir margra ára lægð. Það hefur orðið mikil vakning í skútunum, sérstaklega eftir að krakkastarfið byrjaði. Það virðist hafa verið þannig að krakkastarfið hafi smitað út til foreldranna. Það eru komnar nokkrar nýjar skútur í bæinn, og útlit fyrir að fleiri séu á leiðinni. Sá hluti hefur verið að vaxa, og mesta aukningin í félagsstarfinu er nú í kringum skúturnar. Það er til dæmis komin stór skúta í bæinn, Aurora, sem er í leiguverkefnum um svæðið. Það er skemmtileg viðbót við siglingaflóruna hérna. Hraðbátarnir voru sterkir hér áður fyrr. En það virðast vera breytingar á leiðinni í því, og okkur sýnist sem hraðbátar annars staðar af landinu séu að koma hingað vestur. Til dæmis er siglingaklúbbur í Reykjavík sem stendur m.a. að uppsetningu á nýju flotbryggjunni fyrir utan Edinborgarhúsið, í samstarfi við Ísafjarðarbæ og Sæfara. Það hafa komið fram margar skemmtilegar hugmyndir sem við erum að vinna í, og koma kannski fram á næstu mánuðum eða árum.“

– Svo hafið þið líka verið með í Siglingadögum?

„Siglingadagar voru upphaflega hátíð sem Ísafjarðarkaupstaður var með, sem Úlfar Ágústsson og fleiri góðir menn stóðu að. Við endurvöktum þetta árið 2002 í tilefni þess að við vorum að halda mót innan Íslandsmeistaramótaraðarinnar í kajak, og sú hátíð óx og dafnaði vel þessi fyrstu ár. Hún náði miklum vinsældum hér innanbæjar og fyrir utanaðkomandi. Síðan hefur orðið skemmtileg breyting á henni. Fleiri aðilar hafa komið að hátíðinni, og í kjölfarið á því skipti hún um nafn, úr Siglingadögum í Útilífveran. Það skírskotar þá beint til útivistar, og þá erum komnar fjallgöngur, gönguferðir, siglingar, hjólreiðar og hestamennska og fleira líka inn í þetta. Fólk fær því meira val til að stunda sína útivist. Nú er það Ísafjarðarbær sem stendur fyrir hátíðinni en við sjáum bara um okkar hluta.“

Framtíð Sæfara

– Hvað er á döfinni hjá Sæfara núna?

„Sæfaraklúbburinn sá fram að hann væri að missa húsnæði sitt árið 2004, sem hann hafði að láni. Það var bæði orðið of lítið og var ekki séð fram á að við gætum haldið því áfram. Þá ákváðum við að kaupa húsnæði. Við fórum í viðræður um kaup á húsnæðinu niðri í Suðurtanga. Við enduðum á því að kaupa allt húsnæðið þar, en í því eru þrjár íbúðir, tvö iðnaðarhúsnæði, bílskúr og gamli slippurinn. Meiningin hjá okkur var alltaf að selja slippinn, og Ísafjarðarbær lýsti yfir áhuga á að kaupa hann sem nú hefur verið gengið frá. Og sökum þess að okkur skortir fé til þess að geta borgað af þessu öllu sjáum við fram á að þurfa að selja eignirnar, og erum með þær í söluferli.“

– Hver væri óskastaðan fyrir ykkur?

„Hún væri auðvitað að halda sem mestu af iðnaðarhúsnæðinu, og losa okkur við íbúðirnar og slippinn, sem við höfum ekkert við að gera. Við ætluðum okkur aldrei að eiga þetta. Á sínum tíma var einfaldlega hagstæðara fyrir okkur að kaupa allan pakkann, frekar en þetta eina húsnæði sem við þurftum. Og nú þurfum við einfaldlega að losa um pening.

Auðvitað væri draumastaðan sú að halda báðum iðnaðarhúsnæðunum. Við erum í öðru þeirra núna, sem er örlítið stærra en hitt. Síðan erum við með húsnæði sem að Miðfell hefur verið svo velviljað að lána okkur undanfarin ár. Það er lítill bílskúr sem snýr niður að sjónum, þar sem inngengi okkar í aðstöðuna er í dag. Síðan hefur Magnús Alfreðsson, skipasmiður með meiru, verið með aðstöðu í hinu húsnæðinu“

– Hvernig sérðu fyrir þér framtíð Sæfara?

„Við höfum verið að vaxa og dafna á undanförnum árum og auðvitað vonumst við til að hafa grundvöll til þess að gera það áfram og fá fólk til að stunda þetta frábæra sport. Við sem stöndum að Sæfara teljum okkur hafa gert tiltölulega góða hluti. Til dæmis um það má sjá auglýsingar Flugfélags Íslands – þegar þeir auglýsa Reykjavík er það Hallgrímskirkja í aðalhlutverki, á Akureyri er það Akureyrarkirkja, en þegar þeir vilja sýna hvað er aðlaðandi við Ísafjörð byrja þeir auglýsinguna á að sýna manneskju á kajak. Það sýnir bara það að stórt félag eins og þeir taka eftir því hvað við erum að gera fyrir samfélagið. Við vonumst til að geta breitt boðskapinn út til fleiri landsmanna, fleiri fyrirtækja og jafnvel út í heim, við viljum sýna fram á að hér er gott að vera og gott að leika sér á kajak.“

– eirikur@bb.is

Skrifstofuhótelið opnar heimasíðu

Heimasíða Skrifstofuhótelsins Ísafirði var formlega opnuð undir lok síðustu viku. Tölvufyrirtækið Snerpa ehf., á Ísafirði sá um hönnun og uppsetningu síðunnar, en Ólafur Pétursson, nemi í auglýsingahönnun í Barcelona, sá um að hanna merki fyrirtækisins. Heimasíðan er sett upp í forritinu Snerpill, sem er vefforrit sem auðveldar notanda allar uppfærslur og breytingar á heimasíðu sinni. Skrifstofuhótelið, sem er fyrsta sinnar tegundar á Vestfjörðum, var opnað í desember. Skrifstofuhótelið leigir út skrifstofur, fundarsal og ráðstefnusal. Einnig eru ýmis námskeið í boði á vegum þess og eru nánari upplýsingar um þau á heimasíðunni.

Ísfirðingarnir Sigríður Dögg og Valdimar gefa út fréttatímaritið Krónikuna

Fyrsta tölublað fréttatímaritsins Krónikunnar kom út í síðustu viku. Að Krónikunni stendur útgáfufélagið Fréttir ehf., sem er í eigu Ísfirðinganna Sigríðar Daggar Auðunsdóttur, ritstjóra og eiginmanns hennar Valdimars Birgissonar. Að sögn Sigríðar Daggar er Krónikan vel hannað blað með vönduðum fréttaskýringum og afþreyingu. Lögð verður áhersla á umfjöllunarsvið sem hingað til hafa ekki verið áberandi í vikutímaritum á Íslandi, svo sem fréttir, viðskipti og pólitík, auk hinna hefðbundnari, tísku, hönnun og matargerð. Fjallað verður um samfélagsmál, stjórnmál, menningu, viðskipti og lífstílsefni af ýmsu tagi svo sem heilsu, hönnun og bíla. Blaðið er óháð og er eins og áður sagði í eigu Valdimars Birgissonar og Sigríðar Daggar Auðunsdóttur. Fyrir ættfræðiþyrsta má geta þess að Valdimar er sonur Maríu Erlu Eiríksdóttur og Birgis Valdimarssonar og Sigríður Dögg er dóttir Bertu Sveinbjarnardóttur og Auðuns Hálfdánarsonar. Á ritstjórn eru níu reyndir blaðamenn, sjö konur og tveir karlmenn. Meðal starfsmanna má nefna Örnu Schram, aðstoðarritstjóra, Aðalheiði Ingu Þorsteinsdóttur fv. blaðamanns á Morgunblaðinu og Sigríði Maríu fv. blaðamann á Fréttablaðinu. Útgáfan er að sögn Sigríðar Daggar fjármögnuð með lánsfé frá ýmsum fjársterkum aðilum, m.a. Björgólfi Guðmundssyni, kaupsýslumanni. Blaðið er prentað í prentsmiðju Morgunblaðsins og kostar kr. 650 í lausasölu.

– bb@bb.is

Hjónin Sigríður Dögg Auðunsdóttir og Valdimar Birgisson með fyrsta eintakið af Krónikunni.

Vegur eða ekki vegur í Jökulfirði?

Nú get ég ekki á mér setið að blanda mér í umræðuna um framtíðarskipulag á Hornströndum og í Jökulfjörðum. Móðir mín er fædd og uppalin á Dynjanda í Leirufirði og síðustu árin í sveitinni bjuggu foreldrar hennar Kristín Benediktsdóttir og Hallgrímur Jónsson í Grunnavík eða til ársins 1962 þegar sveitin fór í eyði. Frá því að ég fæddist 1961 var farið með mig og öll hin börnin (systkini og frændsystkini) á hverju sumri á æskustöðvarnar. Þegar farið var í Grunnavík var framan af hægt að vera í gamla húsinu en síðar meir byggði fjölskyldan sér sumarhús. Þangað fer maður á hverju sumri að sækja sér frið og hlaða batteríin fjarri rafmagni og bílaumferð.

Mér stóð því ekki á sama sumarið 2005 þegar fréttist af vegalagningu í Leirufjörð. Sem aðili sem hefur notið þarna kyrrðar og friðsældar öll þessi ár hugsaði ég með hryllingi til þeirrar breytingar sem yrði ef það yrði raunin að bílfært yrði inn á svæðið.En þetta er miklu stærra mál. Vestfirðingar einir geta ekki tekið ákvörðun um framtíð svæðisins. Það er spurning hvað vilja Íslendingar með þær náttúruperlur sem enn eru að mestu leyti ósnortnar. Ég er því þakklát fyrir að umræðan skuli vera komin í gang og ráðstefnan um skipulagsmál á Hornströndum sem haldin var 26.-27.janúar sl. var mjög þarft framtak.

Ég tel að þetta svæði muni frekar eiga framtíð fyrir sér sem mest ósnortið, þeim fækkar svæðunum í heiminum sem eru þannig. Það er nóg til af fallegum svæðum sem hægt er að fara akandi til. Einn stærsti sjarminn við þetta svæði, Hornstrandir og Jökulfirði er að þangað er ekki bílfært, þar getur maður notið kyrrðar í ósnortinni náttúru.

Sólrún Héðinsdóttir. Ísfirðingur, nú búsett í Ásmýri í Bláskógabyggð.

Njálgstilfelli greind á Ísafirði

Njálgstilfelli hafa nýverið greinst á Ísafirði, bæði við grunnskólann og leikskólann Sólborg. Jóna Benediktsdóttir aðstoðarskólastjóri grunnskólans segir vonir bundnar við að náðst hafi að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu. Hún segir mikilvægt að foreldrar hjálpi skólanum og tilkynni ef börn þeirra eru með njálg, einnig segir hún mikilvægt að staðinn sé vörður um almennt hreinlæti og þannig reynt að koma í veg fyrir útbreiðslu. Helga Björk Jóhannsdóttir, leikskólastjóri á Sólborg segir að foreldrum hafi verið gert viðvart og þeim kynntar helstu forvarnaraðgerðir. Hún segir njálgstilfelli alltaf koma upp annað slagið. Á leikskólanum Eyrarskjóli hafa engin tilfelli greinst nýverið.

Njálgstilfelli hafa greinst við Grunnskólann á Ísafirði og leikskólann Sólborg.

Njálgur er lítill ormur sem er algengasta sníkjudýr í meltingarvegi manna. Hann er algengastur hjá börnum og er mjög smitandi, því að egg hans berast inn um munn frá smituðum einstaklingi. Greining er tiltölulega auðveld. Kvendýrið, sem er hvítleitt, þráðlaga og ca. 10 mm að lengd, sést með berum augum í saur og við svæðið kringum endaþarmsopið. Hægt er að greina kvendýrið nokkrum klukkustundum eftir að barnið er sofnað, og áður en það vaknar, en á þeim tíma er kvendýrið á ferli.

Njálgur er algengastur sníkjudýra í löndum með temprað loftslag. Hann er sjaldgæfur í bleyjubörnum, en u.þ.b. 7% fimm ára barna eru talin vera sýkt af njálgi að jafnaði, og u.þ.b. 15% barna á aldrinum sex til átta ára. Þekkt eru dæmi þar sem svo mikið sem 40% barna í sama bekknum hafa verið sýkt af njálgi. Hann er mun sjaldgæfari hjá fullorðnum. *– annska@bb.is*

Þyrilygla á Ísafirði

Hermann Hermannsson fann nýlega fiðrildi við útiljósið heima hjá sér á Ísafirði. Þar sem fiðrildið var stærra en hann hafði séð hérlendis og árstíminn ekki venjulegur fyrir fiðrildi hafði hann samband við Náttúrustofu Vestfjarða. Fiðrildið reyndist vera þyrilygla (Eupsilia transversa), sennilega nýkomin frá Evrópu. Yglan er útbreidd um alla Evrópu og sést allan veturinn ef aðstæður eru hagstæðar. Ekki er algengt að sjá þyrilyglu hérlendis en hún hefur sést nokkrum sinnum. Frá þessu var greint á nave.is.

„Mikilvægt framfaraspor“

Bæjarráð Bolungarvíkur fagnar samgönguáætlun eins og hún var lögð fyrir Alþingi í síðustu viku. Í ályktun sem ráðið sam-þykkti segir: „Bæjarráð lýsir yfir sérstakri ánægju með að jarð-göng á milli Bolungarvíkur og Hnífsdals skuli vera inni í áætlun-inni og að framkvæmdum eigi að vera lokið árið 2010. Mikil-væg framfaraspor eru einnig stigin er varðar samgönguúrbætur á Vestfjörðum öllum.“

Sjötíu ár liðin frá því Ísfirðingar fengu rafmagn úr Fossavatnsvirkjun

Þann 13. febrúar síðastliðinn voru liðin 70 ár frá því Ísfirðingar fengu rafmagn úr Fossavatnsvirkjun. Framkvæmdir við virkjunina hófust í maí 1936, hún var prufukeyrð í byrjun febrúar, og skiluðu vélar þá 640 kW þótt vatnhverfill væri ekki fullnýttur. Þann 13. febrúar 1937 kl. 13 var straumi svo hleypt á rafveitukerfi Ísfirðinga, en áður hafði Raflýsingarfélag Ísafjarðar rekið hér díselstöð. Samkvæmt 4. bindi Sögu Ísafjarðar var Þórði Finnbogasyni, rafvirkjameistara frá Reykjavík, falið að leggja raflagnir í nánast hvert einasta hús í bænum, enda ekki nóg að virkja á fjöllum og reisa rafstöð. „Honum fórst það vel úr hendi, og er því var lokið keypti hann það, sem eftir var af efni, af kaupfélaginu og setti upp eigin rafvirkjaþjónustu“, segir í Sögu Ísafjarðar.

Í rafveitudagbók þann 13. febrúar fyrir 70 árum segir meðal annars um þá stund er rafmagni var hleypt á Ísafjörð: „Allir voru glaðir og hressir í huga og litu svo á að hin langþráða stund væri upp runnin“. Mun Fossavélin í Engidal hafa keyrt í 582.000 klukkustundir og framleitt 200 gígawattsstundir. Frá 1. janúar árið 1978, er Orkubú Vestfjarða var stofnað, hefur hún framleitt 104 gígawattsstundir, en til samanburðar má geta að orkuþörf á veitusvæði OV var 240 gígawattsstundir árið 2005, en áðurnefnd díselvél Raflýsingarfélags Ísafjarðar gat framleitt heil 55 kílówött. Dugði sú orka einungis til að kveikja veikar tírur í húsum.

Eins og svo oft er um framkvæmdir af þessu tagi fór byggingarkostnaður Fossavatnsvirkjunar langt fram úr áætlun. Hækka þurfti stífluna við Fossavatn um þrjá metra, auk þess sem skurður úr vatninu gegnum klöpp varð mun dýpri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Þá var afl vélanna einnig aukið, og vatnsskortur á síðari hluta vetrar árið 1937 mun hafa valdið miklum erfiðleikum.

Guðmundur J. Hlíðdal framkvæmdi fyrsti könnun á virkjun Fossár í Engidal sumarið 1915 og lagði hann í framhaldinu til að þar yrði byggt 220 ha vatnsorkuver og lögð 6.000 volta raflína til Ísafjarðar. Árið 1927 var Eiríki Ormssyni svo falið að kanna nokkra virkjunarkosti og varð niðurstaðan sú að Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur ákváðu að ráðast saman í byggingu Fossavatnsvirkjunar. Var Höskuldi Baldvinssyni, raffræðingi í Reykjavík, falið að hanna útboðslýsingu og voru tilboð opnuð í nóvember árið 1929. Sameiginlegri raflýsingarnefnd sveitarfélaganna leist svo best á tilboð áðurnefnds Eiríks Ormssonar.

Næstu árin fóru í að leita fjármagns til verksins, en það mun hafa verið nokkur þrautaganga. Loks fundust sænskir aðilar sem buðu nægilega greiðslufresti til að hefja mætti framkvæmdir. Þá var það einnig sænskt fyrirtæki, Skånska Cement Gjuteriet, sem lagði til almennt byggingarefni og reisti sjálft orkuverið.

Eins og áður segir hófst vinna við virkjunina vorið 1936 og var unnið samtímis á tveim stöðum, annars vegar uppi við Fossavatn þar sem 60-80 manna hópur mun hafa unnið að gerð stíflu og miðlunarlóns undir stjórn sænska verkstjórans Edlums, og niðri í Engidal þar sem minni hópur vann að byggingu stöðvarhússins. „Þar réði ríkjum sænski verkfræðingurinn Sven Weiner, sem sendur hafði verið hingað til lands af Skånska Cement Gjuteriet, en það fyrirtæki annaðist byggingu orkuversins. Fyrst í stað bjuggu verkamennirnir uppi við Fossavatn í tjöldum, en þeir sem voru niðri í dalnum gistu í hlöðunni í Neðri-Engidal. síðar voru íbúðarskálar reistir á báðum stöðum og mötuneyti sett á stofn, og var matur fluttur upp á fjallið á degi hverjum frá Efri-Engidal. Verkið sóttist vel og urðu engar verulegar tafir, ef undan er skilið, að um haustið 1936 gerði aftakaveður, og fauk þá m.a. smiðja, sem reist hafði verið uppi á fjallinu. Í þessu veðri, sem var hið sama og grandaði franska skipinu Pourqoui Pas?, voru verkamennirnir, sem höfðust við uppi á fjallinu, hætt komnir“, segir m.a. í Sögu Ísafjarðar.

Þá kemur fram að vatnsflötur Fossavatns liggur í 342,6 m hæð yfir sjávarmáli, en stöðvarhúsið er sjálft í aðeins 42 m hæð, og var fallhæðin því um 300 m.

Í 4. bindi Sögu Ísafjarðar segir m.a.: „Mörgum síðari tíma mönnum, sem alist hafa upp við gnótt rafmagns, mun veitast erfitt að skilja þær miklu breytingar, sem urðu á daglegu lífi Ísfirðinga, er rafmagnið frá nýja orkuverinu í Engidal barst til bæjarins. Vélarnar frá stöð Raflýsingarfélags Ísafjarðar framleiddu aðeins 55 kílóvött. Til hitunar og suðu notaði fólk kol. Nú urðu ljósin bæði fleiri og bjartari, rafmagn fékkst til matseldar að hluta, að nokkru til hitunar. Kolanotkun til húshitunar var þó enn almenn og hélst svo fram yfir 1960, er olían leysti kolin af hólmi. Eftir þetta áttu atvinnufyrirtæki einnig kost á rafmagni í ríkari mæli en fyrr og virðist einsýnt, að starfræksla hraðfrystihúsa, sem hófst skömmu eftir að rafstöðin í Engidal var tekin í notkun og enn verður frá sagt, hefði verið óhugsandi án hennar. Enn var þess þó langt að bíða að orkan úr Engidals fullnægði þörfum atvinnulífsins og fram yfir 1950 urðu frystihúsin að notast við eigin aflvélar að nokkru leyti.“

Þá kemur fram að ekki hafi verið gert ráð fyrir því að orkuþörf bæjarins ykist jafn hratt og raunin varð, og að fljótlega hafi virkjunin verið orðin of lítil, en fljótlega var farið að huga að virkjun Nónhorns. Búnaður til þeirrar virkjunar var um borð í Goðafossi þegar honum var sökkt á Faxaflóa í nóvember 1944, og tafðist því bygging hennar um fáein misser og tók ekki til starfa fyrr en 1946.

Orkubú Vestfjarða hyggst hafa opinn dag í tilefni af þessum tímamótum, og verður hann sennilega í kringum mánaðarmótin apríl-maí, en endanleg dagsetning hefur ekki verið afráðin. Þá verður bæjarbúum boðið að skoða virkjunina og þiggja veitingar.

Mynd þessi var tekin í nóvember árið 1936 þegar beltisdráttarvél lagði af stað inn í Engidal með rafalinn í virkjunina. Ljósmyndir: M. Simson / Saga Ísafjarðar 4. bindi.



Vélar Fossárvirkjunar.

Hafa áhyggjur vegna skerts framlags til refa- og minnkaeyðingar

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur vísað bókun landbúnaðarnefndar um skert framlag til refa- og minkaeyðingar í Ísafjarðarbæ til nefndar á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga, um samræmingu í veiðum á ref og mink. Landbúnaðarnefnd Ísafjarðarbæjar lýsti á dögunum yfir áhyggjum vegna skerts framlags til refa- og minkaeyðingar í Ísafjarðarbæ. Í bókun þeirra sagði m.a:

„Ljóst er að á komandi veiðiári verður ekki hægt að stunda veiðar á öllum veiðisvæðum innan bæjarmarkanna miðað við forsendur fjárhagsáætlunar 2007. Því leggur nefndin til að hætt verði að ráða veiðimenn til svæðanna norðan Ísafjarðardjúps. Nefndin bendir á að allar veiðar á ref og mink eru bannaðar innan friðlandsins á Hornströndum og mikil ásókn dýra er út úr friðlandinu til svæðanna sem næst því liggja. Því telur nefndin rétt að Umhverfisstofnun taki að sér að sjá um eyðingu refa og minka á svæðinu norðan Ísafjarðardjúps, þar sem mikla aukningu þar megi rekja til þess að veiðar eru ekki leyfðar innan friðlandsins.“

– eirikur@bb.is

Þriggja ára fjárhagsáætlun samþykkt

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps hefur samþykkt þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir hreppinn. Áætlunin var lögð fyrir sveitarstjórn og var samþykkt samhljóða. Samkvæmt áætluninni, sem gildir fyrir árin 2008-2010, er gert ráð fyrir að á árinu 2008 verði rekstrarniðurstaða A og B hluta að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða jákvæð um 4,6 milljónir króna. Á árinu 2009 er gert ráð fyrir hagnaði upp á 2,5 milljónir króna og á árinu 2010 er gert ráð fyrir hagnaði upp á 3,1 milljón króna.

74 opinber mál afgreidd

Alls voru 74 opinber mál afgreidd frá lögreglustjórum á Vestfjörðum á liðnu ári. Þar af lauk 46 með dómi, 12 með sektargerð, einu máli var vísað frá og í einu tilfelli var ákæra felld niður. Tvö mál voru afturkölluð eftir úthlutun, fjórar ákærur voru sameinaðar og í átta tilfellum voru árituð sektarboð. Óafgreidd mál við áramót voru 28 talsins. Er þetta töluvert minna en árið á undan þegar 178 mál voru afgreidd frá lögreglustjórum á Vestfjörðum. Munar þar mestu um árituð sektarboð sem voru 73 árið 2005.

Skipað í undirbúningshóp fyrir nefnd um svæðisskipulag Vestfjarða

Á Fjórðungsþingi Vestfirðinga í haust var stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga falið að óska eftir tilnefningum sveitarstjórna á Vestfjörðum í starfhóp sem vinna á að undirbúningi svæðisskipulags fyrir Vestfirði. Svæðisskipulagið á að vera framtíðarsýn fyrir Vestfirði sem byggir á samspili nýtingar náttúru, þróunar efnahags og samfélags á grunni sjálfbærrar þróunar. Fjöldi fulltrúa í nefndinni mun verða 21, og mun hvert sveitarfélag sem stendur að svæðisskipulagsgerðinni tilnefna tvo fulltrúa í hana auk þess sem Skipulagsstofnin tilnefnir einn nefndarmann sem verður án atkvæðisréttar.

Í bréfi sem Fjórðungssambandið sendi Ísafjarðarbæ þar sem óskað er eftir tilnefningu segir svo: „Að mati stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga er hér fyrst um sinn um undirbúning að gerð slíks svæðaskipulags. Því sé rétt að skipa starfshópinn 10 fulltrúum, eða einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi. Ekki er gert ráð fyrir að skipaðir séu varamenn. Starfshóp þessum er ætlað að vinna þá undirbúningsvinnu sem þörf er á, áður en farið verður í lögformlegan farveg með fullskipuðum vinnuhóp“.

Meirihluti bæjarráðs Ísafjarðarbæjar lagði til við bæjarstjórn, að Svanlaug Guðnadóttir, bæjarfulltrúi, verði fulltrúi Ísafjarðarbæjar í undirbúningshópnum.

Kostnaður við starf undirbúningshópsins verður greiddur af Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

– eirikur@bb.is

Mest af þorski í Bolungarvík

Alls var 2.321 tonni af þorski landað á Vestfjörðum í janúar. Þar af komu 631 tonn á land í Bolungarvík, 600 tonn á Flateyri, 371 tonn á Patreksfirði, 213 tonn á Tálknafirði, 161 tonn á Ísafirði, 122 tonn á Suðureyri, 88 tonn á Hólmavík, 54 tonn á Bíldudal, 46 tonn í Súðavík, 28 tonn á Drangsnesi, 4 tonn á Þingeyri, og 3 tonn á Brjánslæk.

Alls komu 1.199 tonn af ýsu á land á tímabilinu. Þar af komu 248 tonn á land í Bolungarvík, 225 tonn komu á land á Flateyri, 176 tonn á Patreksfirði, 139 á Suðureyri, 121 tonn á Ísafirði, 83 tonn á Bíldudal, 72 tonn á Tálknafirði, 63 tonn á Hólmavík, 59 tonn á Drangsnesi og 13 tonn í Súðavík.

Þá komu 463 tonn á land af steinbít. Þar af komu 303 tonn á land á Ísafirði, 97 tonn á Patreksfirði, 44 tonn á Flateyri, 9 tonn í Bolungarvík, 6 tonn á Suðureyri, 2 tonn á Tálknafirði, 1 tonn í Súðavík og 1 tonn á Hólmavík. *– eirikur@bb.is*

Steinþór Bragason tilnefndur til nýsköpunarverðlauna forseta Íslands

Ísfirðingurinn Steinþór Bragason er meðal fimm aðila sem tilnefndir hafa verið til nýsköpunarverðlauna forseta Íslands, en þau verða veitt þann 28. febrúar nk. á Bessastöðum. Fimm verkefni voru valin af dómnefnd úr hópi 145 sem fengu styrki á síðasta ári, en alls bárust 277 umsóknir. Verkefni Steinþórs heitir „rafmagnsflugan“, en hún tengir saman rafmagnsvíra í gegnum rafmagnsrör. Rafmagnsflugan er tilbúin og vinnur Steinþór að frekari þróun og útfærslu sem verður tilbúin í sumar. Steinþór var að vonum ánægður með árangurinn en jafnframt ósköp hógvær og sagðist ekki vita hvort þessi tilnefning hefði einhverja þýðingu fyrir hann.

Verðlaunin eru árlega veitt námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og voru fyrst veitt árið 1996. Markmið sjóðsins er að stuðla að nýsköpun bæði fyrir atvinnulíf og á fræðasviði. Steinþór hefur áður látið að sér kveða á sviði nýsköpunar en árið 2003 varð verkefni frá honum og Örnu Láru Jónsdóttur í þriðja til sjöunda sæti í samkeppninni Þjóðarátak um nýsköpun, en það var fyrir verkefni sem ber heitið Hönnun og framleiðsla á slöngu- og rörafittings.

– annska@bb.is

Meira veiðist af ýsu en minna af þorski

Alls veiddu vestfirsk skip 2.320 tonn af þorski í janúar í ár sem er nokkru minna en veiddist í janúar í fyrra þegar 2.673 tonn komu á land. Samdrátturinn er um 13%. Aðeins meira veiddist af ýsu í janúar í ár en í fyrra, eða 1.198 tonn á móti 1.088 í fyrra. Steinbítsveiðar hafa ríflega tvöfaldast á milli ára, en 463 tonn veiddust í janúar í ár á miðað við 221 tonn í fyrra.

Lítið var veitt af karfa í janúar í ár, 26 tonn miðað við 122 tonn í fyrra. Þá var engin grálúða veidd í ár, en 189 tonn í janúar í fyrra. 33 tonn veiddust af keilu í ár, en 44 tonn í fyrra; 11 tonn veiddust af ufsa, en 16 í fyrra; jafn mikið veiddist af hlýra bæði árin, 42 tonn; 20 tonn veiddust af löngu á miðað við 13 í fyrra; 22 tonn veiddust af skarkola en 42 tonn veiddust í fyrra.

Laus störf hjá Olíudreifingu ehf.

Dreifing á eldsneyti á norðanverðum Vestfjörðum

Olíudreifing ehf. leitar að aðila til að annast dreifingu á fljótandi eldsneyti á norðanverðum Vestfjörðum með starfsstöð á Ísafirði. Bæði kemur til greina að ráða starfsmenn eða semja við verktaka til að annast verkefnið samhliða annarri starfsemi.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Auðunn Birgisson í síma 550-9900
tölvupóstfang: audunn@odr.is

Olíudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir Olíufélagið ehf. og Olíuverzlun Íslands hf.
Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996.
Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á **www.oliudreifing.is**

Súðavíkurhreppur greiðir yfir þrjár milljónir króna í atvinnumálaframlag í ár.

Súðavíkurhreppur greiðir yfir þrjár milljónir króna í atvinnumálaframlag

Þrjár umsóknir bárust Súðavíkurhreppi um atvinnumálaframlag vegna ársins 2006. Súðavíkurhreppur býður upp á í stefnumótun Súðavíkurhrepps 2005-2010 að endurgreiða fyrirtækjum útsvar, sýni þau fram á að þau skapi ný störf í sveitarfélaginu. Þetta er ein af hvatningarleiðum sveitarfélagsins við atvinnulífið segir Ómar Már Jónsson sveitarstjóri.

Ómar Már segir að upphafið megi rekja til þess að vinnsla stöðvaðist í rækjuverksmiðju Frosta árið 2005. Segir hann sveitarfélagið hafa þurft að koma upp með nýjar lausnir að auknum atvinnutækifærum sem myndu dreifast á fleiri hendur en hjá Frosta störfuðu um 40 manns. Endurgreiðslan er á þá leið að fyrirtæki sem sýna fram á að hafa skapað í sveitarfélaginu ný störf fá allt útsvar starfsmannsins endurgreitt eftir fyrsta árið, annað árið fá þau svo 60% af útsvari hans og það þriðja 30%.

Þrjár umsóknir um atvinnumálaframlag bárust Súðavíkurhreppi í ár, en þær komu frá Stáli og Hníf ehf., Minney ehf., og Ara ehf. Umsóknirnar voru samþykktar samhljóða af sveitarstjórn. Framlag vegna viðbótarstarfa sem urðu til á árinu 2006 nema alls kr. 3.208.500. *– annska@bb.is*

Gaf líkan af íþróttahúsinu

Íþróttahúsinu á Þingeyri hefur borist höfðingleg gjöf frá Sigmundi Þórðarsyni athafnamanni þar í bæ. Hann gaf íþróttahúsinu upphengitöflu fyrir upplýsingar til gesta hússins og útskorið líkan af íþróttahúsinu fyrir ofan hana. Sigmundur og kona hans Þorbjörg Gunnarsdóttir afhentu gjöfina í síðustu viku og veitti henni viðtöku Jón Björnsson, íþrótta- og tómstundafulltrúi Ísafjarðarbæjar. Sigmundur hefur lagt mikla vinnu í líkanið sem er listilega unnið og mikil prýði af því í húsinu.

Sýknaðir af skaðabóta-kröfum vegna vélakaupa

Héraðsdómur Vestfjarða hefur sýknað Vélasöluna ehf. í Reykjavík af kröfum Guðmundar Karvels Pálssonar á Suðureyri um skaðabætur, og sýknað Guðmund Karvel af kröfum Vélasölunnar um skaðabætur. Dómkrafa Guðmundar var sú að staðfest yrði riftun á kaupsamningi um kaup á bátavél af gerðinni Iveco 8361 SRM 40, sem gerður var árið 2000, og að hann fengi skaðabætur. Samkvæmt sölutilboði er vélinni lýst sem 6 strokka díselvél með beinni innspýtingu, forþjöppu og eftirkæli. Er vélin skráð 400 b.h.p við 2400 sn/min. Guðmundur mun hafa tekið við vélinni 14. nóvember 2000. Þann 3. maí 2001, eftir 400 vinnustunda notkun, brotnaði vélin. Guðmundur lét Vélasöluna þegar vita um tilvikið og lét hún honum í té nýja vél og var hún afhent í byrjun júní 2001.

Lögmaður Guðmundar sendi Vélasölunni bréf 13. mars 2002 og lýsti yfir riftun á kaupunum og krafðist þess að Vélasalan tæki við vélinni, sem þá var í báti aðalstefnanda. Jafnframt var gerð krafa um að öllum greiðslum, sem inntar hafi verið af hendi, yrði skilað. Ennfremur var höfð uppi krafa um skaðabætur vegna vinnu sem Guðmundur hefði innt af hendi vegna vélarinnar og vegna útlagðs kostnaðar sem hann taldi að rekja mætti til galla á vél. Loks var gerð krafa um skaðabætur vegna afhendingardráttar, sem Guðmdunru bar að hafi orðið þess valdandi að hann hafi misst af aflahlutdeild sem hann hefði getað fengið hefði hann haft bát sinn á veiðum þar sem veiðireynsla hafi orðið grundvöllur úthlutunar aflahlutdeilda.

Málatilbúnaður og kröfugerð Guðmundar byggir á því að vélin hafi verið haldin tilteknum göllum. Svo sem áður var rakið eru gallarnir að mati Guðmundar þeir að lengd vélarinnar hafi verið lengri en áskilið hafi verið í samningi aðila, að upphengja sem átt hafi að fylgja vélinni hafi ekki verið afgreidd, að skrúfa hafi hvorki verið af réttri stærð né gerð, að spíral fyrir heitt vatn hafi vantað í kabyssu, að rafmagnstúpa hafi reynst vera of stór, að alternator hafi verið af óhentugri gerð, að þrýstimæla á forþjöppu og gír hafi vantað, að slöngur á gír og reimar hafi vantað og loks að vélin hafi brotnað eftir 400 vinnustunda álag.

Í gagnsök reisir Vélasalan kröfur sínar á reikningi vegna sölu á vél til Guðmundar og vinnu Vélasölunnar til handa á árinu 2001. Vélin hafi verið afhent Guðmundi 31. maí 2001 og hafi Vélasalan séð um niðursetningu hennar í bátinn Mumma ÍS, ásamt annarri vinnu um borð í skipinu. Þá hafi Vélasalan greitt fyrir flugfrakt fyrir vöruna frá Ítalíu til Íslands. Skuld samkvæmt reikningi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Í dómnum segir meðal annars: „Svo sem atvik þessa máls þróuðust er ljóst að bæði gagnstefndi og gagnstefnandi gengu út frá því á sínum tíma að fyrri vélin, sem afhent var gagnstefnda í lok árs 2000, hafi verið gölluð. Á þeim grundvelli hlutaðist gagnstefnandi til um að útvega nýja vél í bát gagnstefnda. Í ljósi reynslu gagnstefnda af fyrri vélinni verður að telja hverfandi líkur á að hann hefði fest kaup á nýrri samskonar vél, hefði honum verið ljóst við móttöku á þeirri síðari að fyrri vélin væri ekki gölluð.“

Eins og áður segir var Vélasalan sýknuð af kröfu Guðmundar og hann af kröfu Vélasölunnar. Málskostnaður var felldur niður.

– eirikur@bb.is

Nýbygging Grunnskólans á Ísafirði.

Framkvæmdir við GÍ á áætlun

Framkvæmdir við Grunnskólann á Ísafirði ganga vel að sögn Jóhanns Birkis Helgasonar bæjartæknifræðings. „Verkið telst vera á áætlun, búið er að framkvæma fyrir 21% af verkinu, sem eru 85,5 milljónir. Undanfarnar vikur hafa að jafnaði tveir smiðir og fjórir verkamenn verið að störfum við byggingu skólans á vegum Vestfirskra verktaka ehf. Jóhann á von á að sú tala aukist til muna í sumar, þegar allir iðnaðarmenn verða til taldir.

Eins og gengur og gerist þá koma upp ýmis mál við svo stórt verkefni og á dögunum þurfti að brjóta niður steypu sem samsvarar magni úr hálfu bílhlassi en hún stóðst ekki þolpróf. Jóhann segir að þetta hafi verið einangrað tilfelli þar sem einhver mistök hafi átt sér stað hjá framleiðanda.

Verkinu á að vera lokið 1. júlí 2008 og eiga nemendur næsta haust að hafa aðgang að hinu nýja skólahúsnæði. Fyrsti, annar og þriðji bekkur grunnskólans eru nú í kennslustofum í kaupfélagshúsinu og aðrar þrjár kennslustofur eru á efri hæð Sundhallarinnar.

– annska@bb.is

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
löggiltur fasteignasali
Hafnarstræti 1 - Ísafirði • Sími: 456 3244

Guðmundur Óli Tryggvason
löggiltur fasteignasali
Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
Heimasíða: www.fsv.is

Sundstræti 36, Ísafirði

118,9 m² nýjar 3ja herbergja íbúðir í fjölbýli ásamt stæði í bílgeymslu, ath aðeins 3 íbúðir eftir.
21.500.000,-

Krókur 1, Ísafirði

Lítið múrhúðað einbýlishús á tveimur hæðum, húsið er skráð 50 m² en er stærra þar sem kjallarahæð hefur ekki næga lofthæð.
6.700.000,-

Fjarðarstræti 29, Ísafirði

Þriggja herbergja séríbúð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara og geymsluskúr, samtals 123 m²:
Tilboð óskast

Fjarðarstræti 29A, Ísafirði

Fjögurra herbergja séríbúð í tvíbýlishúsi með kjallara og rislofti , samtals 116 m²:
Tilboð óskast

Álfabyggð 3, Súðavík

Fallegt 130 m² einbýlishús úr timbri með 36 m² sambyggðum bílskúr, byggt árið 1996.
20.500.000,-

Holtagata 29, Súðavík

110 m² einbýlishús úr timbri á einni hæð, byggt árið 1996 , þrjú svefnherbergi.
12.000.000,-

Silfurgata 11, Ísafirði

125 m² fjögurra herbergja íbúð á tveimur hæðum í uppgerðu fjölbýlishúsi.
10,000.000,-

Seljalandsvegur 42, Ísafirði

Samtals 218 m² einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr, eigninni er skipt í 2 íbúðir, frábært útsýni.
24.000.000,-


Hlégerði 2, Hnífsdal

Steinsteypt einbýlishús með bílskúr, samtals 170 m² að stærð. Nýtt hitakerfi.
14.700.000,-

Hafraholt 8, Ísafirði

167 m² steinsteypt raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Fjögur svefnherbergi.
18.300.000

Blaðamaður

Blaðamaður óskast til starfa á Bæjarins besta og fréttavefinn bb.is. Um er að ræða fullt starf frá mars-apríl 2007.

Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku og góða almenna þekkingu, einkum á vestfirsku samfélagi. Jafnframt þarf hann að vera framtakssamur og árræðinn.

Nánari upplýsingar gefur Sigurjón J. Sigurðsson í síma 456 4560.

Bæjarstjórnin vill lengri frest

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar beinir þeim tilmælum til Alþingis að frestur sem gefinn er til sveitastjórna að gera athugasemdir við lagafrumvörp frá Alþingi verði með öðrum hætti en nú er. Sá fyrirvari sem sveitastjórnir fá í dag til að gera athugasemdir þykir of skammur og ekki gera þeim kleift að vinna þær með faglegum hætti. Jóna Benediktsdóttir, bæjarfulltrúi Í-listans lagði fram svohljóðandi bókun á fundi bæjarstjórnar. „Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar tekur undir athugasemdir bæjarráðs, um skamman fyrirvara sem sveitarstjórnir fá til að gera athugasemdir við lagafrumvörp frá Alþingi. Bæjarstjórnin beinir þeim tilmælum til Alþingis Íslendinga, að frestur sem gefinn er til slíkra umsagna verði með þeim hætti að sveitarstjórnum sé gert mögulegt, að vinna þær með faglegum hætti.“ Bæjarstjórn samþykkti tillöguna samróma.



Sléttuhreppingar blótuðu þorra

Þorrablót átthagafélags Sléttuhreppinga var haldið í 53. sinn laugardagskvöld í félagsheimilinu í Hnífsdal. „Ég veit ekki betur en að almennt hafi blótshaldið verið gott og allir skemmt sér vel. Eins og vanalega var gert góðlátlegt grín af ungum og gömlum hreppsbúum. Í skemmtiatriðunum var ferðast um víkurnar og sterkir karekterar teknir fyrir og svo var bætt við í kringum það“, segir Gígja Harðardóttir sem var í skemmtinefnd. Þátttaka var góð á blótinu en fleiri komu en gert var ráð fyrir. Að vanda snæddu gestir dýrindis þorramat sem þeir komu með í trogum að heiman. Ljósmyndari blaðsins kom við á þorrablótinu og tók þar meðfylgjandi myndir. ***– thelma@bb.is***



ÁSKRIFTARTILBOÐ
10 BLÖÐ
FYRIR
kr. 2.925
Fyrstu 3 blöðin ókeypis

Settu hlutina í samhengi

Krónikan

kronikan.is | sími 414 9400

Mannlífið

Ábendingar um efni sendist til Thelmu Hjaltadóttur, thelma@bb.is – sími 849 8699

Blogg Hlyns Þórs Magnússonar

http://maple123.blog.is/blog/maple123/

Umræðan um fyrirhugaða klámkaupstefnu hérlendis og klámmyndatökur í íslenskri náttúru í tengslum við hana rifjar upp heimsókn klámstjörnu að nafni Kyla Cole og tökuliðs til Vestfjarða fyrir tveimur árum. Meðan á tökum stóð dvaldist hópurinn á Hótel Djúpavík og á Laugarhóli í Bjarnarfirði. Gamla síldarverksmiðjan á Djúpavík, sem á sínum tíma var vettvangurinn í Blóðrauðu sólarlagi Hrafns Gunnlaugssonar, varð nú sviðsmynd enn metnaðarfyllri verka. Heiti potturinn við sundlaugina á Laugarhóli bar nafngiftina „heitur“ pottur með rentu - hafi hann ekki gert það fyrr.

Smáauglýsingar

Hjón með fjögur börn óska eftir einbýlishúsi til leigu á Ísafirði eða í Hnífsdal. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Uppl. í síma 456 6602.

Til sölu eru álfelgur undan Subaru legacy árg. 1997. Verð kr. 12 þús. Uppl. í síma 897 6771.

Til leigu eða sölu er 190m² íbúð á góðum stað á eyrinni á Ísafirði. Um er að ræða þrjú svefnherbergi, stór stofa og geymsla. Uppl. í símum 848 3460 eða 894 6125.

Óskum eftir að skipta á húsi í rúma viku frá 4. júlí (miðvikudagur) til 13. júlí (föstudagur). Við erum með 5 herb. einbýlishús með grónum garði, sólpalli og heitum potti í nágrenni Ellliðaánna í Reykjavík. Við óskum eftir að skipta á sambærilegri eign á Stór-Ísafjarðarsvæðinu. Uppl. í síma 698 5827 (Ragnheiður) og 669 1333 (Guðbrandur).

Íbúð óskast til leigu á Ísafirði, helst á eyrinni, í árstíma frá júní 2007 fyrir 5 manna fjölskyldu. Uppl. í síma 897 9071 eða 860 8037 (Simbi).

Óska eftir að kaupa skíðaskó nr. 30. Á sama stað eru til sölu skíðaskór nr. 26. Skipti koma til greina. Uppl. í síma 820 8284.

Til sölu er Electrolux kæliskápur sem er 155 cm á hæð. Verð kr. 5.000. Uppl. í síma 899 0719.

Til sölu er eins árs gamall vel með farinn hvítur veggofn með blæstri. Verð kr. 15.000. Uppl. í síma 858 7496.

Sjónvarpsskápur með glerhurð, passar fyrir 32" sjónvarp fæst fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 869 8015.

Óska eftir að kaupa gott fuglabúr. Uppl. í síma 862 8702.

Til sölu er Zodiac með yfirborðsmótor. Bátur og vél í góðu lagi. Uppl. í síma 846 7948.

Til sölu er Pajero V6 3,0, lengri gerð árg. 1990. Nýskoðaður. Bíll í toppstandi. 31" vetrar- og sumardekk á felgum fylgja. Uppl. í síma 893 8857.

Miðillinn Lára Halla Snæfells verður á Ísafirði dagana 28.02 til 02.03. Tímapantanir í síma 863 7086.

Jón Páll kjörinn formaður

Jón Páll Hreinsson á Ísafirði hefur verið kjörinn formaður Tónlistarfélags Ísafjarðar í stað sr. Skúla Sigurðar Ólafssonar.

Aðrir í stjórn TÍ eru Björn Jóhannesson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Erlingur Sigtryggsson og Smári Haraldsson.

Gunnlaugur Jónasson fór úr stjórn eftir áratuga starf.

Spurning vikunnar

Ertu ánægð(ur) með nýkynnta samgönguáætlun áranna 2007-2018?

Alls svöruðu 590.
Já sögðu 284 eða 48%
Nei sögðu 231 eða 39%
Veit ekki sögðu 75 eða 13%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Börnin una sér vel undir lok tímans þar sem þau fá að leika saman á flotdýnu.

Ungarnir una sér vel í sundi

Mikil aðsókn er á námskeið í ungbarnasundi sem fram fer í sundlaug Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafirði um þessar mundir. Blaðamaður heimsótti hóp á byrjendanámskeiði sem hófst um miðjan janúar, þar sem færri komust að en vildu. Að sögn Guðnýjar Stefaníu Stefánsdóttur, íþróttafræðings, sem hefur staðið fyrir námskeiðunum hefja börnin yfirleitt sundiðkunina á bilinu þriggja til sex mánaða og hafi hún talsverð áhrif á hreysti barnanna, sem eykst til muna. Í framhaldshóp geta börnin svo komið allt þar til þau verða tveggja ára. Guðný hefur kennt ungbarnasund á Ísafirði frá 2003 og er yfirleitt eru þrjár námskeiðalotur yfir árið þ.e. bæði fyrir byrjendur og svo framhaldsnámskeið. Guðný áætlar að um hundrað börn hafi lokið námskeiði í ungbarnasundi hjá henni frá upphafi.

Guðný segir það einstakt að fylgjast með hversu mikið börnunum fer fram á meðan að námskeiðinu stendur. Þegar að blaðamann bar að garði voru börnin í sínum sjötta tíma og gaman að sjá hversu styrk þau voru mörg hver og greinilegt að þau voru farin að þekkja æfingarnar. Í einni æfingu fengu börnin gúmmíendur til að leika sér með og þegar að endurnar sáust datt allt í dúnalogn í lauginni og greinilegt var að mikil spenna var fyrir þessari æfingu. Í sundinu er lögð áhersla á samspil milli foreldra og nýja fjölskyldumeðlimsins, svo félagsleg tengsl milli foreldra og barna aukast nánast undantekningarlaust. Undir lok námskeiðanna fer hópurinn yfirleitt í sund saman annað hvort í Bolungarvík eða á Flateyri, þar sem teknar eru myndir af börnunum þar sem þau kafa í vatninu, sem vekja mikla lukku. Eitt það ánægjulegasta segir Guðný þó vera þá staðreynd að foreldrar haldi oft áfram að vera dugleg að fara í sund með börn sín eftir að námskeiði lýkur.

Ungliðinn í hópnum stóð sig með stakri prýði.

Einbeitingin leynir sér ekki í svip drengsins sem reynir af öllu afli að ná plastöndinni, en börnunum fannst þær verulega spennandi.

Námskeið í ungabarnasundi stendur yfir í fimm vikur og fer kennsla fram tvisvar í viku. Nýverið færði Minningarsjóður Margrétar Leósdóttur endurhæfingardeild Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar, þar sem sundið fer fram, tíu skiptiborð fyrir ungabörn til afnota við deildina og bætti það hina annars ágætu aðstöðu til muna.

Markmið ungbarnasunds:

Að gefa barninu tækifæri á því að kynnast vatninu sem hreyfi-umhverfi. Byggja upp sjálfsöryggi og virðingu gagnvart vatninu, og gera barnið betur í stakk búið til að bregðast rétt við ef það fellur/eða lendir óvænt í vatni.

Að venja barnið við vatnið, þá ýmist í kafi eða fljótandi, sem stuðlað gæti að markvissum hreyfingum þess upp á yfirborðið og þ.a.l. auknum möguleikum þess að komast af með því að læra að fljóta.

Að veita börnum hlutdeild í eigin vellíðan og hreyfiörvun í vatni og þar með að stuðla að auknum hreyfiþroska þess.

Að skapa umhverfi þar sem foreldrar og börn eiga kost á því að eiga þroskandi samverustund saman.

Að börnin læri að synda sem fyrst og öðlist betri stjórn á eigin líkama í vatni.

Markmiðin eru frá Mínervu Alfreðsdóttur og er þau að finna á www.barnaland.is.

Vilja skjóta refi á Hornströndum

Skotveiðifélag Íslands hefur formlega farið þess á leit við umhverfisráðherra að refaveiðar verði heimilaðar í friðlandinu á Hornströndum. Í bréfi félagsins til ráðherra er bent á að bændur á Ströndum telji óvenju mikið af ref á svæðinu að undanförnu og dæmi séu um að rjúpnaskyttur hafi skotið fleiri refi en rjúpur rétt utan firðlandsins í haust. Rjúpan sé uppistaða í fæðu refsins og óvenju lítið hafi verið um rjúpu í haust.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Norðaustanátt, 13-20 m/s sunnan- og vestanlands, en hægari NA-lands. Léttskýjað SV-lands. **Horfur á laugardag:** Norðanátt og snjókoma, en þurrt á sunnanverðu landinu. **Horfur á sunnudag:** Norðanátt og snjókoma, en þurrt á sunnanverðu landinu. **Horfur á mánudag:** Breytileg átt og sumsstaðar él.

Mínútuspjall við Ársæl Níelsson, áhugaleikara á Ísafirði

„Ætla að verða leikari þegar ég verð stór“

– Sæll Ársæll, Thelma Hjaltadóttir hérna hjá Bæjarins besta. Mætti ég trufla þig í eina mínútu til að forvitnast um einleikjasýninguna sem þú tekur þátt í á Hótel Ísafirði í kvöld?

„Já alveg sjálfsagt.“

– Nú verða fjórir einleikir sýndir í kvöld sem eru afrakstur námskeiðs sem Kómedíuleikhúsið og Litli leikklúbburinn stóðu að. Hversu lengi hefur námskeiðið staðið yfir?

„Það byrjaði fyrir fjórum vikum og við höfum verið að hitta leikstjórann ein svona tvisvar til þrisvar í viku. Við hittumst allir leikararnir í fyrsta sinn þegar fyrsta rennslið fór fram nokkrum dögum fyrir frumsýningu, en annars höfum við verið með leikstjóranum „one on one“ eins og maður segir.“

– Eru þetta þín fyrstu kynni af einleikjaforminu?

„Nei ég hef einu sinni áður flutt einleik, og það var einmitt sami einleikur og ég mun flytja í kvöld. Það var á einþáttungakvöldi Menntaskólans fyrir tveimur árum.“

– Nú eru einleikjaval kvöldsins mjög fjölbreytt, fenguð þið að velja sjálf einleikina sem þið flytjið eða var valið fyrir ykkur?

„Elfar Logi (Hannesson innskot BB) kom með bunka af einleikjum sem við gátum valið úr en svo var okkur frjálst að koma með einleik að eigin vali og er einmitt einn einleikur kvöldsins frumsaminn. Ég valdi einleikinn af því ég hafði flutt hann áður og langaði til að gera betur.“

– Er ekki alltaf mikið stress sem fylgir svona sviðsframkomu?

„Jú, og sérstaklega þegar maður er einn. Þá getur maður ekki treyst á að mótleikararnir taki með manni sökina, allt veltur á manni einum. En umbunin er þeim mun meiri ef vel gengur.“

– Finnst þér einleikjaformið heillandi?

„Ekki spurning, leiklistin í heild sinni heillar mig alveg gríðarlega og þar er einleikjaformið engin undanteking.“

– Ætlarðu að leggja leiklistina fyrir þig?

„Jú, þegar ég verð stór ætla ég að verða leikari.“

– Hversu oft verður einleikurinn sýndur?

„Frumsýningin fór fram fyrir viku. Svo er önnur sýning sem sagt í kvöld og þriðja sýning er annað kvöld. Svo verða þessir fjórir einleikir, og hugsanlega tveir aðrir sem duttu út, sýndir á einleikjahátíðinni Act alone í sumar. Það er skemmtilegt að fá tækifæri að koma fram á svona leiklistarhátíð þar sem aðrir flytjendur eru atvinnuleikarar og því gaman fyrir áhugaleikara eins og okkur að spreyta sig með þeim. Sérstaklega fyrir mig til að koma mér á framfæri svo ég geti nú orðið leikari þegar ég verð stór.“



– Þið ættuð þá að vera orðin vel æfð í sumar eftir þessar þrjár sýningar.

„Jú að því gefnu að við höldum þessu við. Það er auðvelt að gleyma textanum á þessum þremur mánuðum sem líða á milli. En við erum líka hvött til að koma fram á eigin spýtum sem sjálfstæðir skemmtikraftar sem er auðvitað kjörin leið til að halda þessu við.“

– Takk kærlega fyrir spjallið Ársæll og ég óska þér góðs gengis með sýninguna.

Þessi unga dama sýndi mikinn styrk í stöðuæfingunni og náði að standa í lófa kennarans Guðnýjar Stefaníu.

Sælkeri vikunnar er Lísbet Harðardóttir á Ísafirði

Matarmikil grænmetissúpa og speltbrauð

Sælkeri vikunnar býður að þessu sinni upp á grænmetissúpu, speltbrauð og Jesúköku í eftirrétt. Súpan er afar matarmikil og segir sælkerinn að í hana skuli nota allt það grænmeti sem til er í ísskápnum, eða Samkaup, ef viðkomandi á ekki ísskáp. Lísbet segir að ekkert af hráefnunum sem talin eru upp í uppskriftinni séu nauðsynleg, má skipta öllu út fyrir eitthvað annað. Hún notar oftast lauk, rófur, kartöflur, papriku, sveppi, gulrætur, blómkál, kúrbít-eiginlega allt bara….

Matarmikil grænmetissúpa

Hellingur af vatni
Allt það grænmeti sem til er í ísskápnum
Tvær dósir af niðursoðnum t ómötum(hakkaðir eða heilir)
Hrísgrjón (ef þið viljið „massa“ súpuna aðeins)
Nýrnabaunir(eða einhverjar aðrar baunir)
Hvítlaukur
Steinselja
Salt
Pipar
Karrý
Chili

Kveikið undir vatninu á meðan þið skerið grænmeti og skellið því út í pottinn. Skellið tómötum út í og látið sjóða, þá má krydda eftir smekk. Þegar rétta bragðið er komið í súpuna að ykkar mati lækkið þið hitann. Súpan verður betri því lengur sem hún fær að malla, eða er endurhituð.

Speltbrauð

5 dl spelt, gróft eða fínt, eða blandað
Pínulítið salt
3 tsk. lyfiduft
2 dl ab-mjólk
2 dl sjóðandi vatn
Hnefafylli af fræjum,eða rifnum gulrótum, eða sólþurrkuðum tómötum, eða hvítlauk

Blandið þurrefnunum saman, skellið fræjunum eða öðrum aukahlutum útí. Svo kemur ab-mjólkin og strax á eftir sjóðandi vatnið. Hrærið saman með hönunum í sem fæstum hreyfingum(má nota sleif ef þið þolið ekki hitann). Setjið í form og bakið við 180-200° í 30-40 mín. Ef þið viljið gera sætt brauð má skipta út ab-mjólk fyrir kókosmjólk og setja þá kókos, döðlur, möndlur, banana eða rúsínur út í brauðið.)

Frosin Jesúkaka

450 g döðlur
450 g gráfíkjur
5-6 mjög vel þroskaðir bananar (mega vera orðnir svartir)
350 g möndluflögur eða heilar möndlur
1 dl kókosmjöl (má sleppa eða skipta út)

Leggið dölurnar í bleyti í sérskál í sólarhring. Ekki þekja alveg döðlurnar, vatnið má ná upp á miðja hrúguna. Gerið eins við fíkjurnar.

Hellið döðlunum ásamt vatninu í matvinnsluvél og blandið vel saman. Geymið í sér skál. Hellið gráfíkjunum ásamt vatninu í matvinnsluvél (eða bara í skál og takið trylling með þeytaranum) aðalatriðið er að þessu sé blandað vel saman. Geymið í sér skál. Malið möndlurnar fínt í matvinnsluvél, eða bara setjið þær í poka og fáið ykkur hamar. (þangað til þær verða að dufti). Geymið í sér skál. Maukið bananana. Geymið í sér skál. Setjið möndluduft sem fyrsta lag í kringlótt 20 cm. form. Kremjið það dálítið niður svo að botninn verði þéttur. Næsta lag á að vera gráfíkjumauk. Setjið svona 2-3 kúfaðar matskeiðar fyrst og dreifið úr þeim varlega svo að möndluduftið farið ekki út um allt. Hér þarf að vanda sig aðeins. Setjið möndluduft og gerið eins og í fyrsta skrefinu. Næsta lag á að vera döðlumauk. Setjið svona 2-3 kúfaðar matskeiðar fyrst og dreifið úr þeim varlega svo að möndluduftið farið ekki út um allt. Hér þarf að vanda sig aftur. Næsta lag á að vera bananamauk, má setja frekar mikið af því. Bætið kókosmjölinu við hér ef þið viljið hafa það með. Næst á að koma möndluduft. Þetta á að gera koll af kolli þangað til hráefnið er búið. Byrja skal á möndludufti og enda á fíkjumauki eða döðlumauki. Frystið í minnst sólarhring. Áður en á að bera kökuna fram skal láta hana standa á borði í um 30 mínútur en einnig má setja formið í smá vatnsbað (klæðið formið þá í plastpoka) til að losa um kökuna. Skellið henni því næst á disk og skreytið með t.d. möndlum, kókos eða bananasneiðum.

Ég skora á Dag Hákon Rafnsson á Ísafirði að verða næsti sælkeri vikunnar.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk
bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn

Sjáumst á Suðureyri!

Ragnar Emilsson starfsmaður Orkubús Vestfjarða sýnir hvernig hinn nýi búnaður virkar.

Orkubú Vestfjarða hf., setur upp nýjan og byltingarkenndan búnað

Orkubú Vestfjarða vinnur þessa dagana að uppsetningu á nýjum byltingarkenndum búnaði til rafmagnsmælinga. Nýju mælarnir virka þannig að þeir senda frá sér boð sem hægt er að lesa út í götu með þar til gerðu tæki. Þetta gerir það að verkum að ekki þarf lengur að banka upp á og taka stöðuna á mælunum innandyra. Búnaðurinn er þegar kominn upp á Þingeyri, í Hnífsdal og að hluta til á Barðaströnd.

„Við höfum byrjað á því að einbeita okkur að svæðum sem ekki eru með hitaveitu," segir Ragnar Emilsson hjá Orkubúi Vestfjarða. Næstu staðir sem mega búast við hinum nýja búnaði eru Reykhólasveit og sveitir Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, þar á eftir kemur svo Súðavík. Ragnar segir ekki gott að segja hversu langan tíma tekur að færa allan álestrarbúnað til nútímans en það haldist að hluta til í hendur við endurnýjun á hitaveitumælum, en OV skiptir á sama tíma um raforkumæla.

Samkvæmt samkomulagi við Neytendastofu er endurnýjun á mælum, verkefni sem nær til 10 ára. Orkuveita Reykjavíkur hefur í samstarfi við Frumherja tekið þessa tækni í sínar og boðið stærstu notendum sínum upp á þetta, en hinir síðarnefndu eru þeir sem fyrst kynntu þessa nýjung fyrir landsmönnum. Ragnar taldi þó nokkuð víst að Orkubú Vestfjarða væri fyrst til að koma búnaðinum í gangið til þessa fjölda notenda.

Mikill tímasparnaður hlýst af hinni nýju tækni, en starfsmenn Orkubús Vestfjarða hafa til að mynda lesið af allri Þingeyri á klukkustund og korteri, sem áður tók nokkra daga.

– annska@bb.is

Bíl stolið fyrir utan Neista

Bifreið var stolið fyrir utan verslunarmiðstöðina Neista á Ísafirði upp úr kl. 17 á sunnudag. Eigandi bifreiðarinnar hafði farið inn að versla í Samkaupum, en þegar konan kom út aftur var bifreiðin farin af bílastæðinu, þó ekki lengra en svo að hún kom auga á hana og gat bent lögreglumönnum á hvar hún ók eftir Skutulsfjarðarbraut.

Lögreglan fór þegar af stað á eftir bifreiðinni og náði henni inn í Vestfjarðagöngum eftir ökumaður hafði ekki virt stöðvunarskyldu, en lögregla náði að taka fram úr bifreiðinni og stöðvaði hana með því að aka í veg fyrir hana. Í bifreiðinni voru auk ökumanns tveir farþegar, mennirnir sem eru á þrítugsaldri, voru allir undir áhrifum áfengis.

Ökumaður á yfir höfði sér sekt fyrir hegningarlagabrot vegna þjófnaðarins ofan á umferðarlagabrot vegna ölvunaraksturs ásamt sviptingu ökuréttinda. Konan hafði skilið lyklana eftir í bílnum. *– annska@bb.is*

VEGAGERÐIN

VERKEFNASTJÓRI

Staða verkefnastjóra Vegagerðarinnar hjá nýframkvæmdum Norðvestursvæðis með aðsetur á Ísafirði er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Starfssvið
- Umsjón og eftirlit með framkvæmdum
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Magnuppgjör og skýrslugerð

Menntunar- og hæfniskröfur
- Byggingartæknifræði eða byggingarverkfræði
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000